# Fundargerðir bæjarráðs 1941

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Bæjarráð 1941.

© Borgarskjalasafn Reykjavikur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundargerðir

# BÆJARRÁÐS
# REYKJAVÍKUR

1941

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 3. janúar kl.5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbletti X með húseigninni Hlíðarenda fyrir kr. 40.000. - Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXXII fyrir kr., 1600. - Hafnað.

3. Erindi Sig. S. Thoroddsen ofl. um leyfi til að taka sand og möl í bæjarlandinu vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

4. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings um erindi hf. Austurstræti 3, dags. 25. nóvbr. síðastl., þar sem fjelagið fer fram á að fá keyptan helming Veltusunds er liggur að húseign fjelagsins. Bæjarráð vill ekki selja lóðirnar í Veltusundi að svo stöddu, áður en skipulagsuppdráttur af Miðbænum hefir verið staðfestur.

5. Bæjarráð leggur til að bifreiðum verði bannað að nema staðar í Ingólfsstræti, á milli Bankastrætis og Hverfisgötu, nema á meðan afgreiðslu fer fram.

6. Garðar Þorsteinsson og Hafliði Halldórsson sækja um meðmæli til þess að fá veitingaleyfi í Gamla Bíó. Vísað til bæjarstjórnar.

7. Eggert Ólafsson Bald. 5 sækir um meðmæli til þess að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

8. Samþ. að ráða Arnljót Guðmundsson lögfr. sem fulltrúa á bæjarskrifstofunum, og Skúla Tómasson sem umsjónarmann með innheimtu framfærsluskulda. Kristinn Kristjánsson skipaður aðstoðamaður 1. flokks, Ólafur Halldórsson bókari og Jakobína Jósefsdóttir 1. fl. kvenskrifari.

9. Slysavarnafjelagið sækir um 5000 kr. styrk úr bæjarsjóði til útgerðar björgunarskipinu „Sæbjörg" á þessu ári.

10. Synjað erindi Miðneshrepps um eftirgjöf á nokkru af skuldum hreppsins við bæjarsjóð.

11. Lagt fram eftirrit hæstarjettardóms 16. desbr. 1940 í máli Sigurður Jónssonar og Björns Gunnlaugssonar gegn bæjarsjóði.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Björn Benediktsson
settur
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 10. janúar kl.5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist.**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabletti XVII fyrir kr. 10.500. - Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbletti V fyrir kr. 20.000. - Hafnað.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti VIII (Sogahlíð) fyrir kr. 28.500. - Hafnað.

4. Bæjarráð samþykkir að dyravörður Austurbæjarskólans fái frí frá störfum 15. þ.m.til 15. maí, n.k., með því skilyrði að hann greiði laun þess, er gegnir störfum á meðan og bæjarráð samþykki ráðningu þess manns.

5. Bæjarráð vill ekki láta af hendi tryggingu, sem bæjarsjóður hefir fyrir ábyrgð á meðlagsgreiðslu með Skarphjeðni Jónssyni.

6. Erindi Jóns Þorsteinssonar, um uppbót á greiðslu fyrir sjúkraleikfimi skólabarna síðastl. vetur, vísað til borgarstjóra til afgr.

7. Ingibjörg J. Árnadóttir Lvg. 92 sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

8. Borgarstjóra heimilað að selja Júlíusi Sveinssyni húseignina Bergþórug. 6 a fyrir kr. 2875. -

9. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 7. þ.m. varðandi rafmagnsnotkun breska setuliðsins. Bæjarráð telur ekki fært að selja rafmagn til ljósa í hermannaskálana eftir öðrum taxta en A1, þar sem önnur skipan myndi valda ósamræmi gagnvart öðrum viðskiftamönnum Rafmagnsveitunnar.

10. Rætt um gasverð sbr. við rafmagnsverð. Rafmagnstjóri og gasstöðvarstjóri voru mættir á fundinn.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Hinn 4. janúar 1941, kl. 10. f.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Á fundinum var rætt frv. að fjárhagsáætlun fyrir bæjarsjóð, Vatns- og Hitaveitu, Gasstöð, Rafmagnsveitu, Sogsvirkjun og Sundhöll árið 1941.

Fundinum lauk kl. 7 e.h.

Bjarni Benediktsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 17. janúar kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti VIII fyrir kr. 2500. - Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XII fyrir kr. 24. 500. - Hafnað.

3. Háskólarektor þakkar bæjarsjórn fyrir leyfi sem háskólanum var veitt til kvikmyndasýninga 19. desbr. f.á.

4. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í nóvbr.

5. Stefanía Friðriksdóttir, Laugabrekku, tilkynnir að Björgúlfur Ólafsson, Árnesi, Seljarnarnesi, sje eigandi erfðafestulandsins Þvottalaugabl. I og hafi verið síðan 1922 að bæjarstjórn hafnaði forkaupsrjetti, er Nic. Bjarnason seldi blettinn.

6. Lagt fram brjef gasstöðvarstjóra dags. 11. þ.m. með samanburði um hitagildi gass og rafmagns.

7. Samþ. að taka tilboði Þorsteins Einarsonar um byggingu 3ja bráðabirgðaskúra fyrir spennistöðvar. Tilboðsverð kr. 4700. -

8. Synjað erindi varðmanna á slökkvistöðinni um aukagreiðslur fyrir að gegna brunakalli í frítímum sínum.

9. Samþ. að hefja mjókur- og lýsisgjafir í barnaskólanum í næstu viku.

10. Lagt fram erindi frá Arndísi Ármann varðandi atvinnu hennar við Austurbæjarskólann.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Guðm. Eiríksson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, þriðjudaginn 21. janúar kl.5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

Borgarstjóri skýrði frá því að hann hafi ritað ríkisstjórninni brjef hinn 23. f.m., þar sem skýrt var frá tillögum er voru lagðar fram í bæjarstjórn 29. f.m. varðandi ráðstafanir í því skyni að lækka verð á nýjum fiski í bænum. Fór hann fram á að ríkisstjórnin athugaði möguleika fyrir því, að ríkið og bæjarstjórn Reykjavíkur gerðu sameiginlega út varðskipið Þór í þessu skyni. Lagði borgarstjóri fram eftirrit af brjefi sínu. Þá var lagt fram svarbrjef forsætisráðuneytisins dags. 18. þ.m., þar sem bæjar-stjórninni er gefinn kostur á að fá varðskipið leigt til fiskiveiða. Bæjarráð telur æskilegast, að ríki og bær geri skipin sameiginlega út í þessu skyni. En ef ríkisstjórnin telur það ekki fært, þá mun bæjarráð mælar með því að bærinn leigi skipið, enda ráði bæjarstjórnin með hverjum hætti skipið yrði notað til þess að lækka megi fiskverðið. Bæjarráð gerir þá ráð fyrir, að ríkisstjórnin vilji stuðla að því að halda verðlaginu niðri, með því að leigja skipið með kostnaðarverði.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Guðm. Eiríksson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 24. janúar kl.5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti II fyrir kr. 2.800. - Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbletti XVI fyrir kr. 11.500. - Hafnað.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXII fyrir kr. 9000. - Hafnað.

4. Lögð fram beiðni Einars Eyjólfssonar um leyfi til þess að skifta erfðafestulandinu Laugamýrarbletti IV. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

5. Samþ. að gefa Hafliða Jóhannssyni Freyjug. 45 kost á leigulóðinni nr. 13 við Blómvallagötu, en jafnframt er afturkallað vilyrði til Guðm. Halldórsson fyrir lóðinni.

6. Synjað erindi háskólarektors um að greiddur verði úr bæjarsjóði kostnaður við frárennsli frá háskólabyggingunni.

7. Lagt fram erindi frá húseigendum í Þingholtunum um að götur þar verði malbikaðar um leið og gengið verður frá hitaveitulögnum.

8. Lagt fram erindi heilbrigðisfulltrúa um stækkun á náðhúsi karla í Bankastræti. Falið bæjarverkfræðingi til meðferðar.

9. Lögð fram drög að samningi við verkamannafjelagið Dagsbrún. Borgarstjóra heimilað að gera samning við stjórn fjelagsins um kaup og kjör verkamanna sem vinna hjá bænum og bæjarstofnunum.

10. Lagt fram brjef frá Hannesi Ágústssyni og Herbirni Guðbjartssyni þar sem kvartað er yfir úthlutun pylsuvagnastæða í Kolasundi. Falið bæjarverkfræðingi til umsagnar.

11. Eftir ítrekaða beiðni lögreglustjóra, samþykkir bæjarráð fyrir sitt leyti að lögreglan megi hafa stæði fyrir tvær bifreiðar við austurgangstjett í Pósthússtræti á milli Austurstrætis og Hafnarstrætis, enda verði ríkt gengið eftir því að aðrar bifreiðar hafi þar ekki stæði.

12. Samþ. að veita Magnúsi Hannessyni löggildinu sem rafmagnsvirkja við lágspennuveitu í Reykjavík. Rafmagnsvirkinn starfar hjá h.f. Segull hjer í bænum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Íþróttasamband Íslands leggur til að stjórn Íþróttavallarins verði skipuð 5 mönnum í stað 3ja og stjórninni falin umsjón með íþróttasvæðinu við Skerjafjörð.

14. Lagt fram brjef frá Rannsóknarstofu Háskólans með tillögu um að gerðar verði ráðstafanir til þess að hafa til taks „hvítt blóð" (plasma) til að dæla í fólk sem kynni að verða fyrir áföllum ef til hernaðaraðgerða kæmi hjer í bænum. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti verja af loftvarnafje allt að 10 þús. krónum í þessu skyni.

15. Unnur Helgadóttir, Þórsg. 23, sækir um meðmæli til þess að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

16. Borgarstjóra heimilað að skipa Ferdínand Jóhannson og Jónas Hallgrímsson sem fasta starfsmenn á Manntalsskrifstofunni með launum skv. VII flokki.

17. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar um starfsemina í desbr. 1940.

18. Borgarstjóri skýrði frá því að hann hafi, þegar 22. þ.m., tilkynnt forsætisráðherra ályktanir bæjarráðs á fundi 21. þ.m. varðandi leigu á varðskipinu Þór, en ráðherrann hafi ekki svarað þeim tilmælum er í ályktuninni fólust. Bæjarráð samþykkti að gera ríkistjórninni tilboð um að leigja varðskipið Þór fyrst um sinn fyrir kr. 10.000.- á mánuði (venjuleg vátrygging innifalin) í því skyni að ágóða af rekstri skipsins, hvort sem það verður gert út til fiskveiða eða fiskflutninga, verði varið til lækkunar á fiskverði í bænum.

19. Rætt um fjárhagsáætlun fyrir 1941. Bæjarráð leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar: Óvissar tekjur. Nýr liður: gjald fyrir sýningaleyfi kvikmyndahúsanna kr. 33000. - Gjaldaliður XII 5, til hússtjórnarkennslu eftir ákvörðun bæjarráðs hækki um 50 þús. krónur.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 31. janúar kl.5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að gefa Ingólfi Guðmundssyni Seljav. 3 a kost á byggingarlóð til iðnreksturs í Rauðarárholti, eftir tilvísun bæjarverkfræðings, enda verði hafin bygging fyrir 1. maí næstk.
2. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings um erindi Hannesar Ágústssonar og Herbjarnar Guðbjartssonar er kvarta yfir úthlutun pylsuvagnstæða í Kolasundi.
3. Erindi lögreglustjóra með tillögu lofvarnarnefnda um endurbætur á loftvarnabyrgjum vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.
4. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 28. þ.m.
5. Vatnsveitufjelag Seltirninga fer fram á að bæjarstjórn taki upp samninga við fjelagið um endurgjald fyrir vatn, sem fjelagið tekur úr Vatnsveitu Reykjavíkur. Falið borgarstjóra og bæjarverkfræðingi til umsagnar.
6. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að sóknarnefnd Hallgrímsprestakalls fái afnot af kennslustofu í Austurbæjarskólanum til barnaspurninga. Svo og kvikmyndasal skólans fyrir barnaguðsþjónustur.
7. Jóhanna Tryggvadóttir Lind 43 b og Þóra Þórðardóttir Njg. 4 a sækja um meðmæli til þess að fá veitingaleyfi.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Guðm. Eiríksson Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 7. febrúar kl.5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Þuríður Jóhannesdóttir Hvg. 59 sækir um meðmæli til, þess að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

2. Unnur Helgadóttir Þórsg. 3 fer fram á að mega reisa veitingaskúr til bráðabirgða á leigulandi Golfklúbbsins. Synjað.

3. Lögreglustjóri tilkynnir með brjefi dags. 3. þ.m. að Sigfúsi Kolbeinssyni lögrþj. hafi verið veitt lausn frá störfum, eftir ósk hans sjálfs, frá 1. janúar þ.á. að telja.

4. Lögð fram skýrsla um starfsemi Bæjarbókasafnsins árið 1940.

5. Lögð fram umsögn bæjarverkfræðings um erindi lögreglustjóra f.h. loftvarnanefndar varðandi endurbætur á loftvarnabyrgjum í Miðbænum. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að láta gera umræddar endurbætur og felur bæjarverkfræðingi að annast framkvæmdir af bæjarins hálfu.

6. Lagt fram brjef lögreglustjóra dags. 6. þ.m. með tillögum um breytta starfshætti lofvarnanefndar. Bæjarráð telur umræddar breytingar ekki aðkallandi að svo stöddu, en telur sjálfsagt að verkfræðingar bæjarins veiti nefndinni alla nauðsynlega aðstoð.

7. Synjað beiðni um að reka megi loðdýrarækt, einkum minkarækt, á erfðafestulandinu Bústaðabletti XVII, þar sem loðdýrabúið yrði nálægt íbúðarhúsum og auk þess má gera ráð fyrir hávaða (jafnvel sprengingum ) á þessum slóðum.

8. Stefán Þorláksson, Reykjahlíð í Mosfellssveit, fer fram á að fá leigðan minni jarðborinn til þess að bora eftir heitu vatni í jarðeign hans, Reykjahlíð. Bæjarráð telur ekki unnt að verða við beiðninni eins og sakir standa.

9. Fíladelfíusöfnuðurinn í Reykjavík býður spildu af lóðinni nr. 44 við Hverfisgötu til kaups til breikkunar götunni. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

10. Samþ. að gefa Ferdinand Bertelsen kost á að fá breytt leigusamningi dags. 12. apríl 1932 um land til alifuglaræktar í Vatnagörðum í erfðafestusamning og stækka landið, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings og með skilmálum er bæjarráð setur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Samþ. að gefa Magnúsi Víglundssyni og Samúel Ketilssyni kost á leigulóð til verksmiðjureksturs við Höfðatún, að vestanverðu.

12. Samþ. að gefa Magnúsi J. Brynjólfssyni kost á leigulóð við Reynimel (verður nr. 29), enda byrji hann á byggingu innan 2ja mánaða.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Helgi H. Eiríksson Jón Axel Pétursson
Guðm. Eiríksson Guðm. Ásbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, þriðjudaginn 11. febrúar kl.5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

Borgarstjóri skýrði frá, hversu komið væri tilraunum, sem gerðar hafa verið undanfarið til þess að fá fluttar hitaveituvörur frá Kaupmannahöfn til Reykjavíkur og lagði fram eftirrit af símskeyti frá Stockholm, er borist hafði í morgun um það efni.

Bæjarráð leggur til að borgarstjóra verði gefið fullt umboð til þess að semja um flutning á vörunum, á þeim grundvelli sem um ræðir í símskeytinu.

Ákveðið að boða til bæjarstjórnarfunda nú þegar og leggja framangreinda tillögu fyrir þann fund.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jakob Möller
Guðm. Eiríksson Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# <u>BÆJARRÁÐ.</u>

Ár 1941, föstudaginn 14. febrúar kl.5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Borgarstjóri var kosinn formaður bæjarráðs, Guðm. Ásbjörnsson varaformaður og Stefán Jóh. Stefánsson ritari.

2. Samþ. að gefa Magnúsi Brynjólfssyni Barónsstíg 53 kost á leigulóðinni nr. 28 við Gunnarsbraut þar sem Einar Jóhannesson og Valgeir Jónsson hafa misst rjett sinn til lóðarinnar. Magnúsi er sett það skilyrði, að hann byrji á húsbyggingu fyrir 15. apríl næstk.

3. Jón Engilberts og Eggert Guðmundsson listmálarar sækja um byggingarlóð við Eiríksgötu austan Hnitbjarga til þess að reisa þar íbúðarhús með vinnustofum. Bæjarráð vill ekki ráðstafa umræddri lóðarspildu að svo stöddu.

4. Lagður fram uppdráttur af leigulöndum í Árbæjarlandi. Samþ. leiguskilmálar um löndin.

5. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabletti V fyrir kr. 15.000. - Hafnað.

6. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbletti IV fyrir kr. 15.500. - Hafnað.

7. Lagt fram brjef frá h.f. Ísafoldarprentsmiðju dags. 12. þ.m. varðandi byggingu á lóðunum nr. 8 og 10 við Austurstræti og í því sambandi um kaup á lóð í Vallarstræti að Thorvaldsensstræti 2. Jafnframt lagt fram brjef frá eiganda þeirra eignar, Hallgrími Benediktssyni, þar sem hann óskar þess að fá keypt a.m.k helming götustæðis Vallarstrætis meðfram eign sinni, ef götunni verður ráðstafað til byggingalóða. Ákveðið að fá umsögn skipulagsnefndar um mál þetta.

8. Eftir tillögu lögreglustjóra í brjefi dags. 14. þ.m. samþ. bæjarráð að fela bæjarverkfræðingi að láta setja bekki í loftvarnabyrgi handa gömlu fólki og lasburða.

9. Lagt fram brjef frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu dags. í dag varðandi loftvarnir hjer í bænum.

10. Borgarstjóra heimilað að leigja hestamannafjelaginu Fák beitilöndin í Geldinganesi og Breiðholti sem fjelagið hefir haft undanfarin ár og með sömu skilmálum.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Stjettarfjelag barnakennara í Reykjavík fer fram á að kennurum verði greidd úr bæjarsjóð verðlagsuppbót á launagreiðslur sem þeir hafa fengið úr bæjarsjóði umfram beina lagaskyldu.

12. Lögð fram skýrsla baðhúsvarðar um starfsemi baðhússins nú. ~~Einkum viðskifti bresku hermannanna~~. Bæjarráð samþykkir að halda sjer að fyrri samþykktum um greiðslu fyrir böðin hvort sem einn eða fleiri nota baðklefa í einu.

13. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyfi að Frjálslyndi söfnuðurinn í Reykjavík megi fá til afnota kennslustofu í Austurbæjarskólanum til barnaspurninga.

14. Samþ. að ábyrgð bæjarsjóðs fyrir láni með veði í húseigninni Sogabletti I standi óbreytt eftir að Gunnar Guðmundsson kennari hefir keypt eignina af Geir Gígju kennara.

15. Þórlaug Sigurðardóttir Hvg. 100 sækir um meðmæli til þess að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

16. Útsvarsmál: Nærfatagerðin h.f., Ólafur Kristjánsson áður Lauf. 4, Pálína K. Magnúsdóttir Aðal. 12, Steinunn Pétursdóttir Templ. 3, Ingvar Benediktsson Skólav. 21 a, Ellert Magnússon Hringbr. 73, Haraldur Sveinbjarnason Bergþ. 53, Stephen Stephensen Bjark. 4, Guðbjörg Jósefsdóttir Bergþ. 15, Þórunn Einarsdóttir Hallv. 8 a, Þórður Hjartar db., Pétur Andrjesson Krosseyrarv. 7 Hafnf., Bjarni Halldórsson Bergsst. 48 a, Karl Petersen db., Sigurður H. Ólafsson Hvg. 102 a, Ragnar Ásgeirsson Hafn. 22, Guðm. Hansson Víðimel 37.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson  Jón Axel Pétursson
Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 21. febrúar kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Synjað beiðni Péturs M. Bjarnarsonar um leyfi til þess að byggja stærra hús á Fossvogsbletti VIII en erfðafestuskilmálar segðu til um.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti VI fyrir kr. 7000. - Hafnað.

3. Samþ. erfðafestuskilmálar um Vatnagarðablett III. Ræktunartími 5 ár, endurkaupsverð fyrir fullræktað land 7 aurar pr. ferm. Árgjald kr. 20. - pr. ha. ræktunartímann, en síðan kr. 40. pr. ha.

4. Synjað erindi frá h.f. Kirkjusandi um leigu á Innra - Kirkjusandi, sem liggur norðan Laugalæksins, til 50 - 60 ára, enda verði lóðarspildan talin byggingarlóð, svo og að landið sunnan Laugalæksins verði leigt fjelaginu til jafnlangs tíma sem fiskreitalandi.

5. Lagt fram brjef Jóns Ásbjörnssonar hrmflm.dags. 15. þ.m. varðandi kröfur Fríkirkjusafnaðarins um endurgjald fyrir lóðarspildu sem hafa horfið undir götur, svo og brjef borgaritara dags. 20. þm. Bæjarráð heimilar borgarstjóra að greiða söfnuðinum fyrir lóðarnámið, 242, 3 ferm., tilsvarandi verð sem greitt var skv. yfirmatsgertð fyrir lóðarnám á Fríkirkjuvegi 3 árið 1929.

6. Samþ. að biðja Skipulagsnefnd að færa tillögur um, hvernig nota skuli byggingarreitinn frá Vesturgötu að Tryggvagötu, á milli Norðurstígs og Ægisgötu, svo og hvernig götur skuli lagðar að reitunum.

7. Erindi Einars Eyjólfssonar um skiftingu á Laugamýrarbletti IV vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

8. Lögreglustjóri leggur til að Mangús Vigfús Sörensen, Grett. 57 verði skipaður lögregluþjónn í stað Sigfúsar Kolbeinssonar.

9. Lagt fram erindi Helga Hallgrímssonar dags. 12. þ.m., þar sem þess er beiðst að frestað verði um 1 ár flutningi húss hans sem stendur í götustæði Hringbrautar. Bæjarráð vill ekki breyta ályktun sinni 25. okt. 1940 um að húsið skuli flutt úr götustæðinu fyrir 1. júlí næstk.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 13. þ.m.

11. Lagt fram brjef frá formanni barnaverndarráðs dags. 19. þ.m. varðandi sumardvöl kaupstaðabarna í sveit næsta sumar.

12. Lagðar fram fundargerðir loftvarnanefndar 17. og 18. þ.m. Tillögum nefndarinna um kaup á 11 nýjum rafflautum, hringingarvjel er geti hringt á alla símanotendur bæjarins samtímis, svo og teppum til að hafa í loftvarnabyrgjum, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

13. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í janúar síðastl.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jakob Möller
Guðm. Eiríksson Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1941, föstudaginn 28. febrúar kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabletti XIV fyrir kr. 1000.-, hálfri eigninni. Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabletti I fyrir kr. 22000. - Hafnað.

3. Samþ. að heimila Borgarstjóra að gera saming um fiskverkunarlóð h.f.Defensor til 20 ára frá 1. janúar 1939 að telja, þó þannig að segja megi leigumálanum upp að liðnum hverjum 5 árum leigutímans, í fyrsta sinn frá 1. janúar 1944.

4. Samþ. að selja Sigurði Jónassyni lóðina nr. 9 við Túngötu.

5. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar dags. 26. þ.m. varðandi ráðstöfun á byggingarreitum á milli Tryggvagötu og Vesturgötu, frá Norðurstíg að Ægisgötu. Bæjarráð vill ekki samþykkja tillögur nefndarinnar að svo stöddu. Bæjarráð vill ekki heldur að svo stöddu selja h.f. Hamar húseignina Tryggvagötu 6. Hinsvegar vill bæjarráð semja við hlutafjelagið um kaup á eignum þess á horni Tryggvagötu og Ægisgötu, sem þarf til lagfæringa á þessu horni.

6. Lagt fram brjef frá Skipulagsnefnd, dags. 25. þ.m. varðandi byggingu á lóðunum nr. 8 - 10 við Austurstræti.

7. Lagt fram brjef frá vegamálastjóra, dags 28. þ.m. um flugvöll í Reykjavík. Borgarstjóra og bæjarverkfræðingi falið að gera ráðstafanir til þess að tekin verði úr erfðafestu lönd, sem ætluð eru undir flugvöllinn og bæjarstjórnin lætur af höndum.

8. Lagt fram brjef fjelagsmálaráðuneytisins, dags. 27. þ.m. varðandi fyrirhugaða greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna. Bæjarráð samþykkir að greiða fulla verðlagsuppbót skv. vísitölu á laun starfmanna bæjarins og bæjarstofnanna, þó þannig að verðlags uppbót greiðist ekki af hærri mánaðarlaunum en kr. 650.-

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnson Guðm. Eiríksson
Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 7. mars kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Hábæjarbletti með húseigninni Skála fyrir kr. 53.000. - Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabletti VIII með húseigninni Hreiður fyrir kr. 15.500. - Hafnað.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXIX með húseigninni Norðurhlíð fyrir kr. 17.000. - Hafnað.

4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXXIV fyrir kr. 2500. - Hafnað.

5. Skiftaráðandinn í Reykjavík tilkynnir að frú Stefanía Friðriksdóttir ekkja Grímúlfs Ólafssonar hafi við einkaskifti á búi hans fengið útlagða húseignina Laugabrekku með erfðafestulandinu Þvottalaugabletti II. Bæjarráð hreyfir engum athugasemdum við yfirfærslu erfðafesturjettarins.

6. Samþ. að gefa Gunnari Vilhjálmssyni og Jóni H. Stefánssyni kost á leigu lóðinni nr. 10 við Kjartansgötu, enda verði byrjað á húsbyggingu á lóðinni fyrir 1. nóv. n.k. Sigurður Jónsson Auð. 11 afsalar sjer tilkalli til lóðarinnar.

7. Synjað erindi Jóns Bjarnasonar um erfðafestuland við Suðurlandsbraut.

8. Rætt um fyrirhugaða byggingu á lóðunum nr. 8 - 10 við Austurstræti. Bæjarráð heimilar borgarstjóra að selja eiganda lóðanna spildu af götustæði Vallarstrætis skv. framlögðum uppdrætti, að því tilskyldu að eigandi lóðarinnar Thorvaldsenstræti 2 samþykki lóðarskiftinguna og samkomulag verði um greiðslur vegna skipulagsbreytingar á þessum slóðum. Að öðru leyti tekur bæjarráð ekki afstöðu til skipulagsbreytingarinnar fyrr en ákveðnari tillögur berast frá Skipulagsnefnd. Jafnframt var borgarstjóra heimilað að selja eiganda lóðarinnar Thorvaldsenstr. 2 hluta af Vallarstræti svo sem sýnt er á framlögðum uppdrætti.

9. Samþ. að heimila Sigurði S. Thoroddsen verkfr. að setja upp til bráðabirgða geymsluskúr fyrir efni og áhöld á svæði suður af Hafnarsmiðjunni, eftir útvísun bæjarverkfræðings og með því skilyrði að mannvirkin verði tekin burtu hvenær sem krafist verður, bæjarsjóði að kostnaðarlausu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Dómprófasturinn í Reykjavík óskar þess að klukkan í turni Dómkirkjunnar verði raflýst. Kostnaður áætlaður af húsameistara ríkisins kr. 5200. - Vísað til bæjarstjórnar.

11. Lagt fram brjef frá lögreglustjóra dags. 25. f.m. með tilkynningu um að loftvarnanefnd hafi tekið tilboði frá Jóni Halldórssyni co. um smíði á 50 sjúkrabörum fyrir kr. 3750. - Bæjarráð samþykkir þessa ákvörðun fyrir sitt leyti.

12. Lögreglustjóri sendir tilkynningu um fundargerð loftvarnanefndar 3. þ.m.

13. Lögð fram skýrsla Helga Sigurðssonar verkfr. um vatnsskortinn í bænum undanfarna daga og athuganir verkfræðinga bæjarins á því máli. Bæjarráð leggur til að tekin verði ákvörðun um að nota heimild í 6 gr. laga um Vatnsveitu Reykjavíkur nr. 84, 22. nóvbr. 1907, að loka fyrir vatn þar sem uppvíst verður um misnotkun á því.

14. Erindi Karls Á. Torfasonar Ólafsdal varðandi verð á rafmagni til hitunnar á húsi hans vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

15. Lögð fram brjefaskifti á milli Skipaútgerðar ríkisins og útgerðarstjóra varðskipsins „Þór" um uppsögn á leigusamningi um skipið.

16. Lögð fram skýrsla heimilisiðnaðarfjelagsins um námskeið fjelagsins - það sem af er vetrinum.

17. Samþ. að veita Húsmæðrafjelaginu 800 kr. styrk til sýnikennslu í matreiðslu.

18. Lögð fram skýrsla heilbrigðisfulltrúa um útisalerni í bænum og úthverfum 1940.

19. Borgarstjóra heimilað að ráða aðstoðarstúlku við ljósböð Austurbæjarskólans um stundarsakir, vegna sjerstakra ástæðna.

20. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í febrúar þ.á.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller  Guðm. Eiríksson
Guðm. Ásbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 14. mars kl.5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lagðar fram útboðslýsingar og teikningar rafmagnsstjóra um vjelar og efni til þess að bæta við einni vjelasamstæðu í aflstöðinni við Ljósafoss, allt að 9400 hestafla. Bæjarráð leggur til að rafmagnsstjóra verði falið að leita eftir tilboðum í þessu skyni svo fljótt sem unnt er.

2. Skv. síðari mgr. H-liðs gjaldskrá Rafmagnsveitunnar samþykkir bæjarráð að leggja 5% álag á rafmagnsverð frá og með álestri í aprílmánuði næstk.

3. Erindi Baldvins Skaftfells um launakjör (starfsaldur) dags. 26 f.m. vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

4. Samþ. að gera leigusamning um verksmiðjulóðina Þverholt 17 við Fataverksmiðjuna h.f., eftir beiðni h.f. Vinnufataverksmiðjan.

5. Lögð fram matsgerð lóðarmatsnefndar á leigu eftir lóð Defensorstöðvarinnar.

6. Lögð fram matsgerð lóðarmatsnefndar á söluverði lóðarspildu Bræðraborgarstíg 41.

7. Að því tilskildu að samþykkt verði að breikka Tjarnargötu á milli Vonarstrætis og Kirkjustrætis, svo að bæjarsjóður (Skipulagssjóður) verði að kaupa húseignina Tjarnargötu 5, samþykkir bæjarráð að veita eiganda eignarinnar nr. 3 b. við Tjarnargötu kauparjett á þeim hluta, er eftir verður af lóðinni nr. 5 á milli húsalínu og lóðarinnar nr. 3 b.

8. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti tillögur skipulagsnefndar um húsalínu við norðanverðan Bókhlöðustíg.

9. Lagt fram erindi Gísla Halldórssonar og Sigvalda Þórðarsonar arkitekta varðandi byggingar einlyftra einbýlishúsa, dags. 29. jan. þ.á., svo og umsögn skipulagsnefndar í brjefi dags. 13. þ.m. ennfremur umsögn bæjarverkfræðings og húsameistara bæjarins.

10. Samþ. tillögur Guðm. Eiríkssonar og Jóns A. Pétursonar um úthlutun byggingarlóða í Höfðahverfi. Bæjarráð gefur kost á lóðunum með því skilyrði að leigjendur byrji á byggingu fyrir 15. maí næstk.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Lagt fram brjef frá A. S. Höjgaard & Schultz dags. 8. þ.m.

12. Samþ. að heimila borgarstjóra að selja Ingimar Jónssyni Lind. 65 húseignina nr. 5 við Baugsveg.

13. Dóms- og Kirkjumálaráðuneytið sendir skipulagsskrá fyrir drykkjumannahælis-sjóð Jóns Pálssonar og Önnu Sigríðar Adolfsdóttur.

14. Bæjarráð samþykkir að helmingur Afmælissjóðs Reykavíkurkaupstaðar 1936 verði afhentur safnaðarsstjórn Laugarnessóknar til til kirkjubyggingar þegar byrjað verður á byggingu kirkju í sókninni.

15. Lagt fram brjef frá h.f. Gamla bíó dags. 13. þ.m. varðandi sjerstaka bíósýningar fyrir innlenda menn.

16. Útsvarsmál: Gröndvold Kveldúlfur Bjark. 4, Finnur Sigmundsson Rán. 19.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Guðm. Eiríksson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 21. mars kl.5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XX fyrir kr. 15.000. - Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðfestulandinu Sogamýrarbl. XLII fyrir kr. 14. 300. - Hafnað.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandin Sogabletti 16 fyrir kr. 15.500, - Hafnað.

4. Bæjarráðið samþykkir að Andrjes Karlsson og Markús Ísleifsson skifti á leigu-lóðunum nr. 18 og 20 við Samtún.

5. Sóknarnefndir í Nessprestakalli fer fram á að kirkju og prestsetri í sókninni verði valinn staður hið fyrsta. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

6. Lagt fram brjef frá stjórn Íþróttavallarins dags. 17. þ.m. varðandi framtíðarskipan á stjórn íþróttavalla í bænum.

7. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 11. þ.m.

8. Samþ. að mæla með því að Hólmfríði Þorláksdóttur Brag. 22 A verði veittur styrkur úr Styrktarsjóð Hjálmars Jónssonar.

9. Erindi Luthers Hróbjartssonar um frí frá dyravarðastörfum til 14. maí n.k. vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

10. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar dags. 21. þ.m. varðandi lóðarskiftingu á Melunum. Ákvörðun frestað og málið falið bæjarverkfræðingi til nánari athug-unnar.

11. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 11. þ.m. varðandi aukningar á rafmagns-taugakerfi bæjarins árið 1941. Bæjarráð samþykkir fyrirætlanir þessar.

12. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 19. þ.m. með skýrslu um bifreiðakostnað tveggja starfsmanna Rafmagnsveitunnar undanfarandi ár. Málinu vísað til borgar-stjóra til afgreiðslu.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, þriðjudaginn 25. mars kl. 2 1/2 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Á fundinum var rætt um hitaveitumálið.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 28. mars kl.5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að heimila borgarstjóra að selja eigendum lóðarinnar nr. 54 við Vesturgötu spildur, 47.3 ferm. að stærð, er leggist við lóðina.

2. Lagt fram brjef frá herstjórn Breta hjer í bænum dags. 25. þ.m., varðandi leigu á nokkrum lóðum bæjarins, sem setuliðið hefir hernumið og reist á hermannaskála. Borgarstjóra falið að svara brjefinu.

3. Heilbrigðisfulltrúi vekur athygli á því, að nauðsyn beri til að framlengja til sjávar skolpleiðsluna frá Rauðarárstíg austan við lóð verksmiðjunnar Hörpu. Falið bæjarverkfræðingi til afgreiðslu.

4. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 19. þ.m. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti kaup nefndarinnar á 30 þús. sandpokum.

5. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 25. þ.m.

6. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 25. þ.m.

7. Lagt fram frv. að leigusamningi um landsvæði þingstúkunnar í Elliðavatnslandi. Frestað til athugunar.

8. Samþ. að fela rafmagnsstjóra að gera spennistöð í húsnæði, er Rafmagnsveita tekur á leigu hjá sænsk-íslenska frystihúsinu.

9. Lagt fram brjef frá Guðmundi Pjeturssyni Hringbr. 180 varðandi veiðirjett í Elliðavatni. Falið borgarstjóra til athugunar.

10. Lagt fram brjef frá innheimtumönnum Rafmagnsveitunnar og Gasstöðvarinnar með tilmælum um að þeir fái greitt mistalningarfje. Ákveðið að fá umsögn rafmagnsstjóra og gasstöðvarstjóra.

11. Stangaveiðifjelag Reykjavíkur fer fram á að fá leigðan veiðirjett í Elliðaánum með sömu skilmálum og undanfarið ár (leiga kr. 3500.-).

12. Lagt fram brjef frá Starfsmannafjelagi Reykjavíkurbæjar varðandi launakjör Jóns Bjarnasonar áður kyndara í Gasstöðinni. Ákveðið að fá umsögn gasstöðvarstjóra.

13. Vegna fyrirspurna í brjefi Starfsmannafjelags Reykjavíkurbæjar dags. 25. þ.m., lýsir bæjarráð því yfir, að það álítur lokið störfum nefndar þeirrar, sem veturinn 1938 -39 vann að endurskoðun launasamþykktarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lagt fram brjef Starfsmannafjelagsins dags. 28. þ.m., þar sem farið er fram á greiðslu verðlagsuppbótar á eftirlaun.

15. Erindi sóknarnefndar dómkirkjusafnaðarins um að fá skýrslur um manntal safnaðarins vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

16. Borgarstjóra heimilað að greiða mæðrastyrksnefnd styrk skv. fjárhagsáætlun 1941, gjaldalið VIII, 16.

17. Lögð fram skýrsla vinnumiðlunarskrifstofunnar, dags. 26. þ.m., um vinnuástand og vinnuhorfur hjer í bænum.

18. Lagt fram eftirrit af brjefi borgarstjóra til A.S. Höjgaard & Schultz dags. 25. þ.m. og svarbrjef firmans dags. 26. þ.m., varðandi flutning á efni til hitaveitunnar.

19. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar, dags. 28. þ.m um skipulag á Melunum. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti tillögur nefndarinnar um skipulag skv. framlögðum uppdrætti á svæðinu frá Grenimel að Reynimel, en felur bæjarverkfræðingi og húsameistara bæjarins að gera tillögur um stærri byggingar á reitnum frá Reynimel að Hringbraut.

20. Lagt fram brjef hafnarstjóra til bæjarverkfræðings dags. 14. þ.m. og skipulagsnefndar dags. 28. þ.m. með tillögu um breytingu á framlengingu Seljavegar, að Mýrargötu. Bæjarráð samþykkir breytinguna fyrir sitt leyti.

21. Aðalbjörg Albertsdóttir Amt. 4 sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Bæjarráð mælir með erindinu.

22. Lögð fram brjef frá formanni barnaverndarráðsins dags. 19. febr. og 18. mars, þ.á., varðandi sumardvalir barna úr bænum í sveitum á sumri komanda. Bæjarráð leggur til að starfsemi þessi verði styrkt úr bæjarsjóði að jöfnu á móti ríkissjóði, enda tilnefni bæjarstjórn tvo fulltrúa í forstöðunefndina.

23. Borgarstjóra heimilað að gefa Guðjóni Sigurðssyni Barón. 63 kost á leigulóðinni nr. 4 við Leifsgötu, enda greiði hann áfallinn kostnað, er bæjarsjóður hefir haft vegna lóðarinnar.

24. Útsvarsmál: Sveinn Ó. Guðmundsson, Frakk. 11.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Guðm. Eiríksson
Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 4. apríl, kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Árna Þ. Árnassyni að byggja sumarhús úr timbri á erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXXIV.

2. Samþ. að leigja Jóni Árnasyni, Njálsgötu 84, lóðina nr. 25 við Skeggjagötu, sem Einar Einarsson hefir afsalað sér, enda byrji hann á byggingu fyrir 15. maí n.k.

3. Samþ. að leigja Atla Eiríkssyni lóðina nr. 33 við Seljaveg, enda verði hann byrjaður á byggingu fyrir 15. maí n.k.

4. Lögð fram matsgjörð lóðamatsnefndar á leigu eftir leigulóð Steindórs Einarsonar við Hringbraut, vestan Framnesvegar.

5. Borgarstjóra heimilað að leigja Tryggva Salómonssyni Sunnuhvolstúnið næsta ár með sama leigugjaldi og áður.

6. Lagðar fram fundargerðir loftvarnarnefndar frá 28. og 31. mars og 1. apríl.

7. Samþ. að leigja Vilborgu Runólfsdóttur Vesturgötu 16, lóðina nr. 58 við Reynimel, enda byrji hún á byggingu fyrir 15. maí n.k.

8. Lagt fram bréf frá stjórn Byggðarfélagsins Fossvogur þar sem þess er óskað að leyft verði að byggja einlyft íbúðarhús á erfðafestulöndunum í Fossvogi. Bæjarráð vill ekki verða við beiðninni.

9. Samþ. skipulag að iðnaðarhverfi umhverfis Njarðarstöðina og Rauðará, vestan Höfðatúns, skv. framlögðum uppdrætti, dags. í febr. 1941.

10. Samþ. að leigja Nýju Blikksmiðjunni lóð til iðnrekstrar í iðnaðarhverfinu vestan Höfðatúns, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

11. Samþ. að leigja Einari Guðjónssyni, Egilsgötu 16, o.fl., lóð til iðnrekstrar í iðnaðahvefinu vestan Höfðatúns, eftir nánari tilvísun bæjaverkfræðings.

12. Bæjarverkfræðingi falið að leita tilboða í Englandi um kaup á nýjum vélum handa sand- og grjótnámi bæjarins og honum falið að gera tillögur um nýtt fyrirkomulag á þessari starfrækslu.

13. Lögð fram tillaga borgarstjóra, er frestað var á bæjastjórnarfundi í gær, um kosningu manna til að semja reglur um íþróttasvæðin.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lögð fram umsögn gasstöðvarstjóra um erindi Starfsmannafélags Reykavíkurbæjar viðvíkjandi launakjörum Jóns Bjarnasonar. - Erindinu synjað að fengnum upplýsingum.

15. Lagt fram bréf Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar um launakjör starfsfólks í Sundhöllinni. - Ákveðið að fá umsögn forstjóra Sundhallarinnar.

16. Lagt fram bréf Karls Þórhallssonar þar sem hann fer þess á leit að fá keypta húseignina Fálkagötu 24. - Falið borgarstjóra til athugunar.

17. Borgarstjóra heimilað að veita Maríu Bergsdóttur veðleyfi fyrir viðbótar veðdeildarláni út á húseign hennar, Bergþórugötu 10.

18. Axel Sigurðsson, Baldursgötu 36, sækir um veitingaleyfi. - Vísað til bæjarstjórnar.

19. Sumarlína Jónsdóttir, Seljalandi, sækir um veitingaleyfi. - Vísað til bæjarstjórnar.

20. Samþ. að veita Búnaðarsambandi Kjalarnesþings 450 króna styrk úr bæjarsjóði árið 1941.

21. Samþ. að heimila borgarstjóra að ávísa Hvítabandinu 2000 króna styrk.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel pétursson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, miðvikudaginn 16. apríl, kl. 2 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Útsvarsmál: Guðmundur Auðunsson Klapp. 11, Flókagerðin Vit. 9, Gunnar Guðjónsson Freyjug. 24, Gunnlaugur Einarsson Sóleyjarg. 5, Hermann K. Guðnason Klapp. 11, Guðbjörn Hansson Skeggjag. 14, Guðjón Vilhjálmsson Hvg. 102, Felix Otto Sigurbjörnsson Lvg. 132, Baldur R. Ólafson Hvg. 76 b, Eyjólfur Gíslason Vest. 25, Jón Höskuldsson Þverv. 2, Jón Þ. Árnason Sóleyjarg. 9, Guttormur Andrjesson Stýr. 3, Guðmundur Haraldsson Brg. 48, Guðmundur Jónsson Grett. 23, Ágústa Ólafsson Berg. 55, Fatapressun Reykjavíkur, Albert Goodman Garð. 33, Árni Sveinsson db. Lvg. 79, Ólafur B. Magnússon db. Lvg. 27, Skúli Jóhannsson og Co, Hárgreiðslustofan „Ondula", Carl Ryden Tjarn. 11, Sigurður Eyjólfsson Fálk. 34, Kjartan Sigurðsson Lvg. 58, Rögnvaldur Þórðarson Einholti 7, Bókaforlagið Mímir h.f., Þórður Kolbeinsson Hvg. 94 a, Páll Gunnarsson Hvg. 114, Teitur Magnússon Grett. 77, Kristján Þ. Ísaksson Hringbr. 178, Sæmundur Sigurðsson Barónsstíg 18, Steingrímur Oddsson Unn. 2, Finnur O. Thorlocius Von. 12, Þorleifur Þorleifsson db. Hell. 6, Lilja Bjarnadóttir Bald. 22, Haraldur Ólafsson Sjafn. 10.-

2. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 3. þ.m. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti tillögur nefndarinnar um kaup á slökkvidælum og slöngum vegna loftvarnaráðstafana.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Helgi H. Eiríksson Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 18. apríl, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Geir Gunnlaugsson Eskihlíð býður forkaupsrjett að erfðafestulöndunum Fossvogsblettur nr. XXVII fyrir kr. 3000.-, nr. XLIV fyrir kr. 3000.-, nr. LIL fyrir kr. 14000. - Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að efðafestulöndunum Norðurmýrarbl. XVI og Norðurmýrarbl. XXVIII fyrir samtals kr. 25.000,- er greiðast við afsal. Bæjarráð ákveður að neyta forkaupsrjettarins.

3. Boðinn forkaupsrejttur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXII með húsi fyrir kr. 17000. - Hafnað.

4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti VIII fyrir kr. 3500. - Hafnað.

5. Samþ. með 4:1 atkv. að leigja spildu, 0.114 ha. að stærð, af erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XII við Laugarmýrarblett XXXV. Ennfremur að skifta Laugamýrarbletti XII í tvö erfðafestulönd, annað 1.2 ha. og hitt 0.585 ha. að stærð. Loks hafnar bæjarráð boði um forkaupsrjett að minni blettinum með húsinu Reykir fyrir kr. 55.000. -

6. Lögð fram beiðni h.f. Keilis um iðnaðarlóð í Kaplaskjóli. Falin bæjarverkfræðingi til athugunar.

7. Samþ. að gefa Höskuldi Baldvinssyni kost á verksmiðjulóðinni nr. 4 við Höfðatún.

8. Samþ. að gefa Kristjáni Oddsyni Lvg. 77 b kost á leigulóðinni Hátúni 5, sem Guðlaugi Stefánssyni var gefinn kostur á, en hann afsalaði sjer.

9. Synjað beiðni Aðalsteins Magnússonar, Þórsmörk, Seljarnarneshr. um lóðarspildu við Kaplaskjólsveg.

10. Lagt fram brjef hjeraðslæknis dags. 3. þ.m. um vatnsveitu bæjarins.

11. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að breyta megi og hækka húsið Hjallaland í Kaplaskjóli.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Lagt fram brjef Karls Þorvaldssonar Berg. 61 varðandi leigugarð hans við Sunnuhvoli.

13. Samþ. með 4:1 atkv. að leyfa Sigurði Gíslasyni fisksölu til bráðabirgða á steinsteyptum palli norðan Ingólfs-Apóteks, enda samþykki lóðareigandi og lögreglustjóri ráðstöfun þessa.

14. Lögð fram brjef Skipulagsnefndar 9. og 17. þ.m. varðandi skipulag á þríhyrningnum milli Laufásvegar, Liljugötu og Hringbrautar.

15. Lagðar fram fundargerðir loftvarnanefndar 8.,9., 11., og 15. þ.m.

16. Synjað erindi Pálma Pálmasonar Ásv. 16 um leiguland við Helluvatn.

17. Erindi Kvenskátafjelags Reykjavíkur dags. 8. þm. um landsvæði sunnan Helluvatns. Frestað til athugunar.

18. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 7. þ.m. varðandi skilning á gjaldskrárlið b. 2. Bæjarráð fellst á tillögu rafmagnsstjóra um að reikna hlutfallslega skv. skránni í gjaldskrárliðunum, ef um hálf herbergi er að ræða.

19. Samþ. að gefa Stangaveiðifjelaginu kost á laxveiðinni í Elliðaánum næsta sumar fyrir kr. 6000.-

20. Samþ. að banna hverskonar veiði fyrir löndum bæjarins við Elliðaárveg á tímabilinu 1. júní til 1. septbr.

21. Lagt fram erindi frá fjelagi slökkviliðsmanna í Reykjavík dags. 15. þ.m., varðandi slysatryggingu slökkviliðsins, ef bruna bæri að höndum af völdum loftárása. Falið borgarstjóra til athugunar.

22. Lagt fram brjef frá Rakarameistarafjelagi Reykjavíkur dags. 16. þm., með fylgiskjölum, þar sem farið er fram á að breytt verði samþykkt um lokunartíma rakarastofa í Reykjavík. Ennfremur lagt fram mótmælabrjef frá 9 rakarameisturum. Ákveðið að senda stjórn Rakarameistarafjelagsins brjefið til umsagnar, en málið að öðru leyti falið borgarritara til athugunar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediksson
Guðm. Ásbjörnsson Guðm. Eiríksson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 25. apríl, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugalandi með húsum fyrir kr. 60000. - Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXXV með húsinu Hraunborg fyrir kr. 28000. -

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXXVI kr. 14000. - Hafnað.

4. Lagt fram brjef dags. 23. þ.m. frá Slippfjelaginu í Reykjavík h.f., með beiðni um leyfi til að byggja bráðabirgða smíða- og geymsluhús á lóðarþríhyrningi á milli lóðar fjelagsins og línu, sem er dregin í stefnu af norðvesturjaðri Ægisgarðs að ný-byggingu fjelagsins. Erindinu synjað.

5. Synjað beiðni Guðm. Stefánssonar Hringbr. 158 um leyfi til að setja upp bráðabirgðaskúr í leigugarði hans á Melunum.

6. Lögð fram beiðni Páls Sæmundssonar, Víðimel 48 um leyfi til að reisa blaða- og símaskúr (Kiosk) á Lækjartorgi, svo og meðmælabrjef ritsjóra blaðanna. Erindinu synjað.

7. Borgarstjóra heimilað að selja Haraldi Karlssyni húseignina nr. 24 við Fálkagötu.

8. Lögð fram tvö brjef lögreglustjóra dags. 17. þ.m. þar sem tilkynnt er að loftvarnanefnd leggi Rauða Krossi Íslands til 50 sjúkrabörur til viðbótar þeim sem áður voru fengnar. Áætl. kostnaður kr. 3700. - Ennfremur að nefndin ráði 3 menn til gæslu í turni Landskotskirkju. Bæjarráð samþ. þessar ráðstafanir fyrir sitt leyti.

9. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að loftvarnanefnd festi kaup á hjúkrunargögnum vegna loftvarnaráðstafana skv. tillögum í brjefi lögreglustjóra dags. 23. þ.m. Kostnaður skv. áætlun Har. Árnasonar kaupmanns kr. 31.600. -

10. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti tilmæli loftvarnanefndar um að Rauði Krossinn fái umráð yfir barnaskólanum, nú er kennslu er lokið, enda samþykki borgarstjóri hvernig húsnæðinu verði ráðstafað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Lagt fram brjef lögreglustjóra dags. 18. þ.m. með tilmælum loftvarnanefndar um að starfsmenn í hjálparsveitum nefndarinnar verði líf- og slysatryggðir við störf sín. Falið borgarstjóra til athugunar í samráði við ríkisstjórnina.

12. Lagt fram brjef frá Fasteignaeigendafjelagi Reykjavíkur dags. 23. þ.m., með tilmælum um að bæjarráð beiti sjer fyrir því að sett verði löggjöf um stríðsvátryggingu fasteigna. Bæjarráð tekur fram að þegar á síðastl. sumri hafi af þess hálfu verið farið fram á að slík löggjöf yrði sett.

13. Rafmagnsstjóra heimilað að ráða Sigurð Finnbogason aftur til starfa hjá Rafmagnsveitunni.

14. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra, dags. 23. þ.m. varðandi málssókn á hendur Guðm. Þorsteinssyni, lög. rafvirkja.

15. Lagt fram brjef lögreglustjóra, dags. 19. þ.m., varðandi kaup á nýrri lokaðri lögreglubifreið, í stað R. 1166.

16. Lögð fram umsögn forstjóra Sundhallarinnar um erindi Starfsmannafjelags Reykjavíkurbæjar 3. þ.m. varðandi starfskjör starfsmanna í Sundhöllinni. Falið borgarstjóra til afgreiðslu á þeim grundvelli sem í umsögn forstjórans segir.

17. Guðrún Þórðardóttir Óð. 4 óskar eftir meðmælum til að fá veitingaleyfi. Bæjarráð mælir með erindinu.

18. Lagður fram reikningur Styrktarsjóðs verkamanna og sjómannafjelaganna í Reykjavík árið 1940.

19. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningastofunnar í mars síðastl.

20. Lagt fram brjef frá rakarameistarafjelagi Reykjavíkur dags. í dag þar sem ítekað eru tilmæli fjelagsins um breytingu á samþykkt um lokunartíma rakarastofa. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möller Guðm Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 2. maí, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist.**

1. Boðinn forkaupsrjettur að hálfu erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXVIII fyrir kr. 3900.-

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarnesbletti I fyrir kr. 7.600. - Hafnað.

3. Bæjarráð telur ekki fært að fremlengja frest er Jóni A. Stefánssyni og Gunnari Vilhjálmssyni var settur 7. mars síðastl. til byggingar á lóðinni Kjartansgötu 10.

4. Samþ. að gefa kost á eftirfarandi leigulóðum til íbúðarhúsabygginga, enda verði byrjað á byggingu fyrir 1. júní næstk.

| | | |
|---|---|---|
| a. | Víðimelur 66 | Ingólfur Guðmundsson, Lvg. 46 |
| b. | Víðimelur 68 | Sigfús Jónsson, Mýrarg. 1 |
| c. | Kaplaskjólsv. 5 - 7 | Sigurður Sigurðsson, Old. 33 og<br>Hergeir Elíasson, Framnv. 16 c |
| d. | Hátún 3 | Jón Rögnvaldsson, Þórsg. 13 |

5. Lagt fram brjef frá hf. Hjeðinn dags. 29. apríl varðandi byggingu á lóð er fjelagið hefir keypt af h.f. Alliance við Mýrargötu og vegalagningu um lóðina. Borgarstjóra falið að svara brjefinu með tilvísun til samþ. bæjarstjórnar 15. júní 1911.

6. Lagt fram brjef frá sóknarnefnd Laugarnesssóknar um að vegur verði lagður að fyrirhugaðri lóð kirkjunnar.

7. Synjað erindi Helga Hallgrímssonar um að bæjarráð falli frá ákvörðun sinni um að honum verði gert að skyldu að flytja hús sitt úr götustæði Hringbrautar nú í vor.

8. Synjað beiðni Jakobs Eyjólfssonar Rán. 50 um leyfi til að stækka verkfæraskúr í Kringlumýri.

9. Samþ. að heimila Sigurði Gíslasyni Vest. 16 að setja bifreiðarskúr til bráðabirgða á lóðina nr. 5 við Garðastræti eftir tilvísun bæjarverkfræðings og með því skilyrði að skúrinn verði fluttur burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar er krafist verður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 21. apríl.

11. Lagt fram brjef frá lögreglustjóra dags. 29. apríl með tillögu loftvarnanefndar um beint símasamband við turninn í Landskotskirkju. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

12. Lagðar fram fundargerðir (eftirit) öryggismálanefndar 21. og 26. apríl

13. Synjað beiðnum frá A. Herskind og Jóni Bergssyni um sumarbústaðalönd við Helluvatn í landi Elliðavatns.

14. Lagt fram brjef frá forstjóra Sundhallarinnar með tillögu um að höllin verði stækkuð. Vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

15. Erindi innheimtumanna við Rafmagnsveitu og Gasstöð um mistalningarfje vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

16. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþ. að skipa Magnús Sigurjónsson fastan starfsmann hjá Rafmagnsveitunni með launum skv. VIII. flokki svo og Bjarna Guðjónsson með launum skv. sama flokki. Báðir taka byrjunarlaun í flokkinum.

17. Rakarasveinafjelag Reykjavíkur skorar á bæjarstjórn að samþykkja breytingu á samþykkt um lokunartíma rakarastofa, svo sem farið var fram á í brjefi Rakarameistarafjelagsins - 16. f.m.

18. Bæjarráð fellst á að lækka leigu eftir Elliðaárnar nú í sumar niður í kr. 5250. - sem svarar til ársleigu 1940 að viðbættri verðlagsuppbót.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson Guðm. Ásbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, þriðjudaginn 6. maí , kl. 5 1/2 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

Á fundinum var rætt um hitaveitumálið.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Guðm. Eiríksson
Jakob Möller.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 9. maí , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að gefa kost á eftirfarandi leigulóðum til íbúðarhúsabygginga, enda verði byrjað á byggingum fyrir 15. júní n.k:

| | |
|---|---|
| Rauðarárstíg 28,30,32,34 | Byggingasamvinnufjelag Reykjavíkur |
| Víðimelur 63 | Ólafi Þorgrímssyni, hrmfhm. |
| Hringbraut 191 | Magnúsi Vigfússyni, Bókhl. 11 |
| Flókagata 11 | Sigvalda Guðmundssyni, Hringbr. 69 |

2. Synjað erindi Jónasar Jósteinssonar Egilsg. 30 um leyfi til að reisa íbúðarskúr í Elliðavatnslandi.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kringlumýrarfl. VII með húsinu Helgadal fyrir kr. 30.000. - Hafnað.

4. Samþ. að heimila borgarstjóra að skifta erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXXII, enda verði gefin út ný erfðafestubrjef fyrir báðum nýju löndunum og þar ákveðið að engar byggingar verði leyfðar á löndunum.

5. Samþ. að greiða Fríkirkjusöfnuðinum kr. 2000. - úr Skipulagsjóði vegna lóðarnáms er Fríkirkjuvegur og Skálholtsstígur voru lagðir og malbikaðir.

6. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja löndin Norðurmýrarbletti XVI og XXVIII á erfðafestu, eða til slægna nú í sumar.

7. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti skipulag (lóðarskiftingu) í Landakotstúni á horni Hofsvallagötu og Hávallagötu.

8. Lagðar fram fundargerðir loftvarnanefndar 29. apríl og 2. maí síðastl. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að nefndin láti smíða 50 sjúkrabörur til viðbótar því sem áður var samþykkt.

9. Samþ. að gefa hjúkrunarkonum barnaskólanna, Þuríði Þorvaldsdóttur og Magdalenu Guðjónsdóttur, kost á því að fá skipun sem fastir starfsmenn bæjarins með launum skv. XII launaflokki.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Bæjarráð vill ekki sinna beiðni um ábyrgð fyrir kaupverði hússins Rauðarárstígs 13 c.

11. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 8. þ.m. varðandi verð á rafmagni til breska setuliðsins. Bæjarráð samþykkir að heimila rafmagnsstjóra að reikna verðið á þeim grundvelli sem í brjefinu segir.

12. Ákveðið að leita tilboða í smíði spennistöðvar, er rafmagnsstjóri telur nauðsynlegt að reisa á næstunni, skv. brjefi dags. 6. þ.m.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 16. maí , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Synjað beiðni Ólafs Ólafssonar um leyfi til að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XVIII.

2. Synjað beiðni Steingríms Jóhannssonar um leyfi til að byggja gripahús úr torfi og grjóti og geymsluskúr úr timbri á erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XV.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XL fyrir kr. 9.500, - Hafnað.

4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabletti VII með húseigninni Arnarós fyrir kr. 25000. - Hafnað.

5. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laufásbletti fyrir kr. 9000. - Hafnað.

6. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Krossamýrarbletti X fyrir kr. 7150. - Hafnað.

7. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti I fyrir kr. 5000. - Hafnað.

8. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXXVII fyrir kr. 3500. - Hafnað.

9. Bæjarráð samþykkir framsal Útvegsbanka íslands til Erlendar Sigurðssonar skipstjóra frá Görðum, á erfðafestulöndum Sigurðar Jónssonar, Görðum, Grímsstaðaholti, með því skilyrði að borgarstjóri gefi út nýtt erfðafestubrjef fyrir löndunum öllum í einu lagi, þar sem endurkaupsverð bæjarins verði ákveðið kr. 6525. - pr. ha. í fullri rækt, hvenær sem bærinn þarf á landinu að halda. Lönd Sig. Jónssonar hafa verið nefnd: Garðar 2.16 ha., viðauki við Garða 0.33 ha., Garðamýri 1.68 ha., Garðaholtsblettur II 0.55 ha. allt skv. mælingum 1937. Með húsunum í Görðum fylgir 600 ferm. eignarlóð.

10. Erindi Jóns Guðjónssonar Berg. 50 um lóð undir íbúðarhús úr erfðafestulandi við Laufásveg vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

11. Borgarstjóra heimilað að selja Kristni og Nikulási Jónssonum Vest. 56 lóðarspildu, 115, 8 ferm. að stærð, vestan við lóðina Vesturgötu 58, að Seljavegi.

12. Bæjarráð synjar fyrir sitt leyti beiðni Sigurðar Benediktssonar um leyfi til að reisa blaðsöluskúr á horni Bankastrætis og Lækjargötu.

13. Samþ. að gera leigusamning um iðnaðarlóðina Höfðatún 8, til 40 ára.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 6. maí, svo og brjef lögreglustjóra 8. maí um kaupgreiðslu til varðmanna í turni Landakotskirkju. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti ákvörðun nefndarinnar um launakjörin.

15. Lagt fram brjef lögreglustjóra dags. 12. þ.m. varðandi símasamband við turninn í Landakotskirkju. Bæjarráð vill fyrir sitt leyti fallast á ráðstafanir nefndarinnar um þetta efni.

16. Lögð fram umsókn frá Ljós og Hita um húsnæði á Laugaveg 74.

17. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra 12. maí með tilkynningu um að Stangaveiðifjelagið gangi að skilmálum bæjarráðs um leigu á Elliðaánum í sumar fyrir kr. 5250.

18. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofunnar um starfsemina í apríl.

19. Bæjarráð samþykkir tillögu rafmagnsstjóra í brjefi 13. þ.m. um að semja við ráðunauta um kaup á efni í Englandi.

20. Synjað erindi 4 búenda við Breiðholtsveg utan bæjarlandsins, um að leitt verði rafmagn í hús þeirra nú í sumar.

21. Lagt fram brjef rafmagnsstjóra dags. 13. þ.m. með uppdrætti, er sýni fyrirhugaðar breytingar á áhaldahúsi. Rafmagnsveitunnar við Barónsstíg. Frestað til nánari athugunar.

22. Samþ. að taka tilboði Almenna Byggingarfjelagsins um smíði á 9 spennistöðvarskúrum fyrir kr. 18.200. -

23. Lagt fram brjef frá Starfsmannafjelagi Reykjavíkur dags. 15. þm. varðandi skipun nefndar til þess að semja starfsreglugerð fyrir starfsmenn bæjarins.

24. Lagt fram brjef frá sumardvalanefnd barna dags. 12. þ.m., varðandi greiðslu kostnaðar við sumardvalir barna og mæðra. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

25. Beiðni Sumarlínu Jónsdóttur Bergþórug. 2 um meðmæli til að fá veitingaleyfi vísað til bæjarstjórnar.

26. Lögð fram skýrsla gasstöðvarstjóra um verð á síðasta kolafarmi til gasstöðvarinnar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 23. maí, kl. 4 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Bústaðabletti IX fyrir kr. 17.500,00 - Hafnað.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugarásbletti IX fyrir kr. 12.000,00 - Hafnað.

3. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugarásbletti XI fyrir kr. 15.000,00. - Hafnað.

4. Bæjarráðið samþykkir fyrir sitt leyti, að leyfa Bjarna Jóhannssyni, Framnesvegi 58 b, að hækka kjallaragólf, glugga og þak á húsinu nr. 58 b við Framnesveg sem svarar hækkun þeirri, er Hringbrautin veldur, enda haggar þetta leyfi ekki rétti bæjarins til þess að fá húsið flutt burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, þegar krafist verður.

5. Samþ. að gefa Sjóklæðagerð Íslands h/f kost á leigulóð undir verksmiðjubyggingu við Skúlagötu, neðan við Gasstöðina, eftir nánari úvísun bæjarverkfræðings.

6. Lögð fram beiðni Gunnars Bjarnasonar, Suðurg. 5, um að honum verði leigð malargryfja í Ártúnsbrekku. - Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

7. Synjað beiðni Jóns Guðvarðssonar Njálsgötu 62, um leyfi til að hafa minkabú á landi því, er hann hefir til umráða við Köllunarklettsveg.

8. Lagt fram bréf frá félagsmálaráðuneytinu, dags. í dag um vatnsnotkun breska setuliðsins.

9. Lögð fram fundargerð loftvarnarnefndar frá 12. maí.

10. Samþ. að gefa eftirtöldum mönnum kost á þessum lóðum til íbúðarhúsabygginga, enda hafi þeir byrjað á byggingum fyrir 15. júní n.k.

| | | |
|---|---|---|
| Helgi Guðmundsson | Sjafn. 2, | fái Samtún 14. |
| Hjálmar Sveinbjörnsson, | Hring. 78, | fái Samtún 16. |
| Sigurður Jóhannesson, | Hverfi. 59, | fái Samtún 6. |
| Benedikt Sveinsson, | Nönn. 16, | fái Miðtún 11. |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | | |
|---|---|---|
| Sigurður G. Jónsson, | Laug. 161 | fái Miðtún 14. |
| Stefán Jakobsson og | Mán. 18, | fái Samtún 22 |
| Haraldur Bjarnason | Bar. 59 | |
| Guðmundur Ólafsson | Smár. 9, | fái lóðirnar nr. 9 - 11 við Kaplaskjólsveg, enda samþykki bæjarráð útlit og fyrirkomulag hús þess, er reist verður á lóðinni. |
| Snorri Jónsson | Nönn. 8, | |
| Unndór Jónsson | Gunn. 36, | |
| Einar Kristjánsson | Hávallag. 37 , | |

11. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Tómasi Vigfússyni og Antoni Sigurðssyni lóð þá, er liggur að lóðunum nr. 44 og 46 við Sellandsstíg.

12. Lögð fram fundargerð öryggismálanefndar frá 12. maí.

13. Samþ. að ráða Margréti Sigurðardóttur kvenskrifara á skrifstofu Rafmagnsveitunnar og taki hún laun eftir XIII launaflokki frá 1. júní n.k.

14. Lagt fram bréf viðskiptamálaráðuneytisins um hækkun á launum kolaeftirlitsmannsins. - Eins og fyrirkomulagi starfsins er nú háttað sér bæjarráðið ekki ástæðu til að hækka þessa greiðslu.

15. Lagt fram bréf Sigmundar Sveinssonar þar sem hann segir lausu umsjónarmannsstarfi sínu við Miðbæjarskólanum frá 1. okt. n.k.

16. Samþ. að heimila borgarstjóra að greiða Jóni Þorsteinssyni 700 króna uppbót á greiðslu fyrir sjúkraleikfimi skólabarna skólaárið 1940 -1941.

17. Lögð fram umsókn Eiríks (Einars) Eiríkssonar, Marargötu 2, um veitingaleyfi. - Vísað til bæjarstjórnar.

18. Lagt fram bréf skattstjórans þar sem hann sendir afrit af bréfi sínu til félagsmálaráðuneytisins, en í því bréfi fer hann fram á að verða leystur frá formennsku í niðurjöfnunarnefnd Reykjavíkur og formennskan falin öðrum aðila. - Bæjarráðið er sammála um að lýsa sig samþykkt þessari breytingu og leggur til, að öll niðurjöfnunarnefndin verði eftirleiðis kosin af bæjarstjórn.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Guðm. Eiríksson
Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 30. maí , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Eftir beiðni Einars Sveinssonar og Magnúsar Vigfússonar var samþ. að gera samning um leigulóðina Hringbraut 185, við Tryggva Ólafsson, sem er eigandi mannvirkja á lóðinni, enda verði greidd lóðarleiga frá þeim tíma er þeim Einari og Magnúsi var gefinn kostur á lóðinni.

2. Synjað beiðni Jónasar Ásgeirssonar um lóð við Sogaveg og Háaleitisveg til að byggja á íbúðarhús að mestu úr mó.

3. Borgarstjóra heimilað að leigja Hauki Bentssyni, Seljavegi 11, á erfðafestu úr Krossamýri landsspildu til loðdýraræktar eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

4. Synjað beiðni Ingólfs Bjarnasonar Hólm við Kleppsveg um erfðafestuland sunnan í Gufuneshöfða.

5. Lagt fram brjef frá Gísla Jónssyni, Litla-Landi, með beiðni um sjerstakar bætur fyrir rabarbarahnausa- og plöntur, áburð og grjót, er hann átti í landi, er tekið hefir verið af honum úr erfðafestu Vatnsmýrarbletti XXI. Falið borgarstjóra til afgreiðslu, svo og tilsvarandi kröfu Hjörleifs Guðbrandssonar.

6. Bæjarráð samþykkir framsal Erlendar Sigurðssonar á erfðafestulandinu Görðum, Grímsstaðah. til systkina hans, Jóns Sigurðssonar o.fl. Eigninni er afsalað fyrir kr. 30.000.- og hafnar bæjarráð forkaupsrjetti.

7. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu. Kirkjumýrarbletti XV (XIV) fyrir kr. 12.000. - Hafnað.

8. Beiðni K.F.U.M. um leiguland norðaustan við Laugarnesskólann vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

9. Erindi Magnúsar Jónssonar Efri-Brekku um makaskifti á lóðarspildu við Ránargötu og Drafnarstíg vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

10. Synjað erindi Jóns Oddgeirs Jónssonar um skiftingu á erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXX.

11. Synjað erindi Jóns Dalmannssonar Grett. 6 um kaup á eigninni Hábæ við Klapparstíg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Samþ. að heimila borgarstjóra að afsala húseigninni Laugavegi 74 til fyrri eigenda, Eggerts Kristjánssonar söðlasmiðs, bæjarsjóði að skaðlausu og með þeim skilmálum öðrum er borgarstjóri setur.

13. Lögð fram brjef lögreglustjóra dags. 15. og 23. þ.m. varðandi kaup á nýrri lögreglubifreið í stað R. 1111.

14. Lögð fram tvö brjef lögreglustjóra dags. 23. þ.m. varðandi kaup á blikkdunkum frá setuliðinu, er loftvarnanefnd láti síðan fylla með sandi og selji húseigendum með kostnaðarverði. Bæjarráð samþ. ráðstöfun þessa fyrir sitt leyti.

15. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti ákvörðun loftvarnanefndar um að leggja beina símalínu frá varðstöð við vatnsgeyminn að lögreglustöðinni. Tilk. í brjefi lögreglustj. 24. þ.m.

16. Að tillögu loftvarnanefnda, tilk, með brjefi lögreglustjóra 23. þ.m., samþ. bæjarráð fyrir sitt leyti að settir verði gluggar á varðskýlið á turni Landakotskirkju.

17. Eftir tillögu lögreglustjóra samþykkir bæjarráð að banna allan akstur um Vegamótastíg frá suðri til norðurs (að Laugavegi).

18. Lögð fram tilkynning lögreglustjóra um að loftvarnanefnd leggi til að keyptir verði (vegna loftvarna) 3 stórir og 5 minni súrefnishjálma. Bæjarráð telur það verkefni sjúkrahúsanna að afla slíkra gagna.

19. Lagt fram brjef frá viðskiftamálaráðuneytinu dags. 29. þ.m. með úrskurði um hver laun skuli greiða kolaeftirlitsmanninum.

20. Samþ. að greiða Guðmundi Nikulássyni, starfsmanni hjá Rafmagnsveitunni, kaup kr. 250,- á mánuði.

21. Samþ. að ráð Marís Arason sem línumann (2. flokks) hjá Rafmagnsveitunni.

22. Samþ. að gefa kost á neðanskráðum byggingarlóðum, með því skilyrði að þeir sem lóðirnar fá, byrji á byggingum fyrir 1. júlí næstk:

| | | **fái lóðirnar:** |
|---|---|---|
| Byggingarsamvinnufjel. Reykjavíkur | | Kjartansgötu 3,5,7 og 8, og Víðimel 61 |
| Gunnar Bjarnason | Framns. 23 | Víðimel 65 |
| Dagbjartur Lýðsson | Þórsg. 17 | Víðimel 69 |
| Sig. Thoroddsen | Freyjug. 38 | Víðimel 70 |
| Georg Kristjánsson | Berg. 61 | Kjartansgötu 10 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23. Beiðni Axels Sigurðssonar Bald. 36 um meðmæli til að fá veitingaleyfi vísað til bæjarstjórnar.

24. Lagt fram brjef frá 9 rakarameisturum dags. 18. maí, með ítrekuðum mótmælum gegn breytingum á samþykkt um lokunartíma rakarstofa.

25. Samþ. að Friðjón Guðbjörnsson verði fluttur í VII. flokk launasamþykktarinnar frá 1. júní næstk. Friðjón er umsjónarmaður í Sundhöllinni.

26. Vegna fyrirsjáanlegra útgjaldaauka bæjarsjóðsins á yfirstandandi fjárhagsári, af völdum styrjaldarinnar, leggur bæjarráð til að útsvör eftir efnum og ástæðum skv. tekjulið VII í fjárhagsáætlun bæjarsins árið 1941 verði hækkuð um kr. 900.000.-

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Guðm. Ásbjörnsson
Guðm. Eiríksson Jón A. Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 6. júní, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Bústaðabletti XVII fyrir kr. 14000. - Hafnað.
2. Samþ. að gefa Guðrúnu Halldórdóttur, Rauð. 40 kost á leigulóðinni nr. 9 við Guðrúnargötu, enda verði byrjað á byggingu fyrir 15. júlí næstk. og samþykki bæjarráð teikningu af húsinu.
3. Samþ. að gefa Sigurði Jónassyni Tjarn. 42 kost á leigulóðinni Víðimel 66, enda byrji hann á byggingu íbúðarhúss á lóðinni fyrir 15. júlí næstk.
4. Lagt fram brjef frá Olíuverslun Íslands h.f.varðandi fyrirhugaða olíustöð á erfðafestulandinu Laugarnesbletti I. Ákveðið að senda skipulagsnefnd erindið til umsagnar.
5. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Höfðatún 9 við Ársæl Kjartansson og Kjartan Höskuldsson Hrefnug. 6, en þeir eru eigendur mannvirkja á lóðinni.
6. Lagt fram brjef frá Skipulagsnefnd, Dags. 21. maí, um ráðstöfun á lóðum í Kaplaskjóli.
7. Synjað erindi Þorsteins Jónssonar um að fá lóðarspildu til viðbótar við lóðina Framnesveg 44.
8. Eftir tillögu heilbrigðisnefndar var samþ. að fela bæjarverkfræðingi að setja upp ruslakörfur á nokkrum stöðum í miðbænum.
9. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar 4. þ.m.
10. Samþ. tillaga borgarstjóra að leigusamningi um jörðina Úlfljótsvatn. Leigutaki er Bandalag ísl. skáta.
11. Borgarstóri skýrði frá því, að Emil Rocstad hefði fallist á að láta jörðina Elliðavatn lausa nú í fardögum. Samþ. að ráðstafa jörðinni í þarfir framfærslumála.
12. Lagt fram brjef Gests Gunnlaugssonar ofl., dags. 27. maí með ítrekun á beiðni um rafmagnsleiðslu í bústaði þeirra við Útvarpsstöðvarveg. Frestað til athugunar.
13. Samþ. að taka tilboði frá Reyoolle Manufact. Co., Ltd, Hebburn - on - Tyne, um sölu á lágspennutöflum í spennustöðvar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 13. júní, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Synjað erindi Tómasar Albertssonar um skiftingu á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XVI, þannig að tryggingarleyfi fáist á báðum hlutum landsins.

2. Eftir beiðni Hans Guðmundssonar Víðmel 36 var samþykkt að gera leigusamning um Árbæjarblett 44 við Baldvin B. Skaftfell, Hringbr. 71.

3. Lagt fram brjef frá Landsbanka Íslands varðandi framlengingu á leigusamningi um fiskverkunarlandið Haga, dags. 31. des. 1925. Falið borgarstjóra til frekari athugunar.

4. Synjað beiðni Meyvants Sigurðssonar um leigu til beitar í svonefndri Hestamýri.

5. Lagt fram brjef frá h.f.Keili dags. 13. þ.m. um land til iðnreksturs í Kaplaskjóli.

6. Samþ. að gefa Kristni Sæmundssyni, Hringbr. 66, kost á leigulóðinni Gunnarsbraut 28, enda byrji hann á byggingu á lóðinni fyrir 15. júlí þ.á.

7. Lögð fram matsgerð lóðarmatsnefndar á leigu eftir leiguland Skúla Thorarensens ofl. á Melunum við Suðurgötu. Sömuleiðis mat á leigu eftir iðnaðarlóðirnar Höfðatún 8.

8. Samþ. að selja Haraldi Andrjessyni, Tjarn. 41, lóðina nr. 41 við Bræðraborgarstíg.

9. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar 13. þ.m. um fyrirhugaðar byggingar á lóðunum nr. 9 og 7 við Túngötu. Bæjarráð samþykkir tillögurnar fyrir sitt leyti.

10. Erindi Ólafs Þórðarsonar, Fjólug. 11, um ráðstöfun á íshúsinu við Tjarnargötu. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

11. Leigutími ákveðinn 75 ár á leigulóð Sjóklæðagerðarinnar við Skúlagötu.

12. Lagðar fram tilkynningar um mat á bótum er bresku herstjórninni bæri að greiða fyrir skemmdir ofl. á Austurbæjarskólanum og Laugarneskólanum vegna nota setuliðsins af þessu húsnæði síðastl. ár, svo og um ákvörðun hvernig reikna beri endurgjald til Vatnsveitunnar fyrir vatnsnotkun setuliðsins. Borgarstjóra falið málefnið til meðferðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að h.f. Héðinn byrji á byggingu á lóð þeirri við Mýrargötu, er fjelagið hefir keypt af h.f. Alliance, þegar er fyrir liggur yfirlýsing um að til bæjarins verði afsalað án endurgjalds hluta af lóðinni undir fyrirhugaðar götur á þessu svæði, þegar er krafist verður, svo sem til var skilið í bæjarstjórn 15. júní 1911.

14. Samþ. með 3:1 atkv. að sinna ekki erindi frá stjórn Starfsmannafjelags Reykjavíkurbæjar um kaupgreiðslu fyrir eftirvinnu ýmissa starfsmanna árið 1940, er stjórnin telur að hefi ekki fengið tilsvarandi frí vegna eftirvinnunnar.

15. Að gefnu tilefni í brjefi frá stjórn Starfsmannafjelagsins dags. 11. þ.m., staðfestir bæjarráð kaupgreiðslu til Karl Jónssonar sem járnsmiðs 2. flokks, kr. 390,- á mánuði, en synjar erindi Guðm. Nikulássonar um kauphækkun.

16. Samþ. að mæla með því að þessum ekkjum verði veittur styrkur úr Styrktarsjóði Hjálmars kaupm. Jónssonar:

Kristín Hafliðadóttur, Óð. 20 b
Kristjönu Hálfdánardóttur, Elliheimilinu
Sigríði Þorsteinsdóttur, Frakk. 10
Þórunni F. Þorsteinsdóttur, Von. 8 b.

17. Lagt fram brjef frá Ingólfi Esphólín viðv. sölu á efni til hitaveitunnar.

18. Samþ. að fela rafmagnsstjóra að synja erindi Jóns Bjarnasonar um rafmagnshitun í nýhýsi við Laugaveg 28.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 20. júní, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 14.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leigja Guðm. Eiríkssyni, Bárug. 40, Árbæjarblett 6, Einari Kristjánssyni Leifg. 16. Árbæjarblett 34 og Jóni Erlendssyni, Rán. 31, Árbæjarblett 47.

2. Synjað erindi Jónasar S. Jónssonar Klapp. 13 um leyfi til að byggja stærri sumarbústað á erfðafestulandinu Fossvogsbletti XXIV. en í samningi um landið er ákveðið.

3. Samþ. að leyfa Viggó Jóhannessyni Jófríðarstöðum, að breyta útihúsum á erfðafestulandinu Kaplaskjósmýri III.

4. Eftir beiðni Málfundafjelagsins Óðins var borgarstjóra heimilað að leysa fjelagið fyrst um sinn undan skyldum í 5. og 8. grein í leigubrjefi um ræktunarland við Breiðholt dags. 31. janúar 1940.

5. Samþ. að gefa Byggingarsamvinnufjelagi Reykjavíkur kost á leigulóðinni Víðimel 69 með sömu skilmálum sem Dagbjarti Lýðssyni voru settir á fundi 30. f.m., en hann hefir framselt fjelaginn rjett sinn til lóðarinnar.

6. Beiðni H. Benediktsson og Co. um lóð til iðnreksturs nálægt Njarðarstöð vísað til bæjarverkfræðings til athugunar.

7. Bæjarráð samþykkir að fyrst um sinn megi selja bökurum rafmagn skv. gjaldskrárlið D, 3 frá kl. 22 - 8 í stað kl. 23 - 8 fyrir lægra verðið.

8. Samþ. að skipa Jónas Guðlaugsson sem 2. flokks línumann við Rafmagnsveituna með launum skv. VIII launaflokki.

9. Lögð fram skýrsla um starfsemi heilsuverndarstöðvar hjúkrunarfrl. „Líkn" árið 1940.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Guðm. Ásbjörnsson
Jón Axel Pétursson Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, þriðjudaginn 24. júní , kl. 2 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lagt fram brjef frá bankastjórn Landsbankans dags. 3. þ.m., með tilmælum um að framlengdur verði leigusamningur um fiskverkunarland við Haga sem gerður var við h.f. Sleipni 31. desbr. 1925, skv. ákvörðun bæjarstjórnar 20. apríl 1923. Borgarstjóra falið að leita samninga um málefnið.

2. Strætisvagnar Reykjavíkur h.f. óska eftir samþykki bæjarstjórnar til þess að hækka verð á öllum farmiðum um 5 aura, vegna hækkandi verðlags á öllu, er að rekstri bifreiða lýtur. Meirhl. bæjarráðs telur ekki fært að leggja á móti hækkun.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 28. júní , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lagt fram brjef frá vegamálastjóra dags. 23. þ.m. varðandi aðgerðir setuliðsins um flugvallargerð hjer í Reykjavík. Falið borgarstjóra til meðferðar og samþykkt tillaga hans að svarbrjefi.

2. Samþ. að Þorkell Ólafsson, Úthlíð, taki við erfðafestulöndunum Laugamýrarblettum XXXV og XXXVI, en hann hefir verið meðeigandi að löndunum og mannvirkjum á þeim.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Melbletti VIII með húsum fyrir kr. 29000. - Hafnað.

4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XLVI með hænsnabúi fyrir kr. 48.000. - Hafnað.

5. Samþ. að gefa H. Benediktsson og Co. kost á lóð til iðnreksturs við Mjölnisveg, eftir nánari ákvörðun síðar.

6. Samþ. að gefa Ingólfi Guðmundssyni Laugav. 46 kost á leigulóðinni Kjartansgötu 1, með þeim skilmálum að bæjarráð samþykki teikningu af húsi á lóðinni, að bygging á lóðinni verði hafin nú þegar og að umsækjandi greiði mannvirki sem þegar eru gerð á lóðinni eftir mati, ef hann nær ekki samkomulagi við þann er gefinn var kostur á lóðinni 14. apríl 1939.

7. Samþ. að gefa Sigurði Jónssyni Fjöln. 18 kost á leigulóðinni Skeggjagötu 25, enda byggi hann á lóðinni fyrir 1. ágúst næstk. Jón Árnason afsalar sjer tilkalli til lóðarinnar.

8. Beiðni Byggingarsamvinnufjelags Reykjavíkur um lóðir við Hringbraut, milli Vesturvallagötu og Framnesvegar, vísað til umsagnar bæjarverkfræðings og húsameistara.

9. Synjað beiðni Skúla Jóhannssonar um leyfi til að hafa auglýsingaturn á torginu við Vatnsþró.

10. Lagt fram brjef frá h.f. Land dags. 24. þ.m. með fyrirspurnum varðandi byggingu á lóð á horni Kaplaskjólsvegar og framlengingu Reynimels. Bæjarráð telur ekki rjett að á þessu svæði verði byggt fyrst um sinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Lagðar fram fundargerðir loftvarnanefndar 4. og 13. júní.

12. Lögð fram umsókn Helga Hallgrímssonar um styrk til að flytja húsið, sem hann á í götustæði Hringbrautar hjá Gróðrastöðinni, en bæjarráð hefir lagt fyrir hann að flytja húsið. Synjað.

13. Synjað erindi Jóns Þorleifssonar um rafmagnslögn að húsi, sem verið er að reisa á Breiðholtsbletti I.

14. Lagðar fram umsóknir um meðmæli til að fá veitingaleyfi frá Sigurði Oddgeirssyni Lvg. 126 og Ragnari Þórðarsyni Öld. 2. Vísað til bæjarstjórnar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möller Guðm. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð .

Ár 1941, föstudaginn 4. júlí , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu löndin Brynjólfsbletti I og II.

2. Samþ. að leyfa Tómasi Albertssyni að endurbæta og byggja við húsið á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XVI, enda hlýti hann skilmálum sem settir kunna að verða fyrir byggingum íbúðarhúsa á erfðafestulöndum.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XLVI með húsum, en án hænsnabúsins fyrir kr. 32.000. - Hafnað.

4. Lögð fram matsgerð yfirmatsmanna dags. 28. f.m. á greiðslu fyrir spildu af lóðinni Veghúsarstíg 1.

5. Lagt fram brjef frá fiskiveiðah.f. Defensor dags. 11. f.m. með eftirriti af afsali fjelagsins fyrir erfðafestulandinu Samtúni í Rauðarármýri til Kaupfjelags Reykjavíkur og nágrennis, dags. 23. apríl þ.á. Bæjarráð tekur fram, að erfðafestulandið sje í afsalinu ranglega talið 1.6 ha. að stærð, í stað 1.14 ha., sem stærðin er eftir gögnum bæjarins. Bæjarráðið telur að afsalsverðið, kr. 65.000,- sje langtum of hátt og telur að bjóða beri forkaupsrjett fyrir hæfilegt endurkaupsverð erfðafestulanda, eða að öðrum kosti fyrir matsverð.

6. Erindi Ásgeirs Þorsteinssonar verkfr., dags, í dag, um leiguland við Breiðholtsveg, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

7. Fiskkassagerðin sækir um iðnaðarlóð á horni Skúlagötu og Mjölnisvegar. Synjað.

8. Í tilefni af brjefi Þórðar Jóhannessonar Kár. 10, dags. 3. þ.m. var samþ. að heimila borgarstjóra að leigja honum hæfilega iðnaðarlóð við framlengingu Skúlagötu, enda samþykki bæjarráð teikningu af húsi á lóðinni.

9. Synjað erindi Ingólfs B. Guðmundssonar um leyfi til sandtöku við veginn niður að Rafstöðvarhúsunum frá Suðurlandsbraut.

10. Synjað beiðni Skarphjeðins Waage ofl. um leigulóðir undir íbúðarhús við Kleppsveg.

11. Bæjarráð vill ekki selja svonefndan Oddshöfða við Kleppsveg að svo stöddu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Bæjarráð hefir ekki á móti því að Örn Johnsson byggi íbúðarhús á lóð sinni við Skerjafjörð, sunnan Baugsvegar, enda sjái hann sjer sjálfur fyrir vegi að húseigninni og nauðsynlegum leiðslum.

13. Synað erindi frá Glímufjel. Ármann um leyfi til að íþróttakonur frá Akureyri fái til íbúðar skólastofu í Austurbæjarskólanum.

14. Bæjarráð synjar enn beiðni Helga Hallgrímssonar um styrk til þess að flytja og endurbyggja hús hans í götustæði Hringbrautar.

15. Lagt fram brjef frá Lögreglufjelagi Reykjavíkur dags. 20. júní s.l., varðandi tryggingar lögregluþjóna gegn tjóni sem þeir kunna að verða fyrir af völdum hernaðaraðgerða.

16. Samþ. að leggja 7% álag á rafmagnsreikninga frá næsta álestri (í stað 5% nú) vegna hækkaðrar verðlagsvísitölu, skv. gjaldskrá Rafmagnsveitunnar, I kafla H. - lið.

17. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að leggja rafmagnsleiðslur að nokkrum bústöðum við Breiðholtsveg með því skilyrði að húseigendur greiði heimtaugagjald eftir tillögum rafmagnsstjóra.

18. Stefán Már Benediktsson Hringbraut 175 sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

19. Synjað erindi Gunnars Benediktssonar, Grund. 4 dags. 1. þ.m.

20. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í maí mánuði þ.á.

21. Lagðar fram tillögur frá bæjarfulltrúum Alþýðuflokksins, er vísað var til bæjarráðs á fundi bæjarstjórnar 3. þ.m. varðandi húsnæðismálin í bænum.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 11. júlí , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu hluta af erfðafestulöndunum Kirkjulandi og Kirkjumýrarbl. III, undir byggingar.

2. Boðinn forkaupsrjettur að leigulandinu Árbæjarbletti XXXV fyrir kr. 300. -Hafnað.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Krossamýri XIV fyrir kr. 450. - Hafnað.

4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðalandinu Laugamýrarbl. XXXV með Úthlíð og útihúsum fyrir kr. 11000. - Hafnað.

5. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbletti XIII með Vegamótum fyrir kr. 15.000, - Hafnað.

6. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogabletti XIX fyrir kr. 1800. - Hafnað.

7. Bæjarráð samþykkir uppboðsafsal 2. nóvbr. 1939 fyrir erfðafestulandinu Sogamýri II til frú Guðborgar Eggertsdóttur fyrir kr. 15200. -

8. Lagt fram brjef frá Sigurði Jónassyni dags. 8. þ.m. varðandi byggingu á leigulóðinni nr. 66 við Víðimel.

9. Synjað erindi Ágústs Jónssonar Hlíðarenda um erfðafestuland í Vatnagörðum.

10. Samþ. að gefa Aðalsteini Björnssyni, Bergþ. 61, kost á leigulóðinni Flókagötu 11.

11. Samþ. að gefa Jóni Engilberts listmálara kost á leigulóð norðanvert við Flókagötu, á horninu við Rauðarárstíg, eftir nánari útvísun síðar.

12. Borgarstjóra heimilað að láta húseigendum, sem verða að flytja hús sín vegna flugvallargerðar í Skildinganeslandi, í tje lóðir undir húsin í Laugarneshverfinu.

13. Lagt fram brjef útvarpsstjóra dags. 7. þ.m. varðandi lóð undir útvarpshús og sjónvarpsturn á Skólavörðuhæð. Vísað til Skipulagsnefndar til umsagnar.

14. Boðinn forkaupsrjettur að hálfu erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXXII fyrir kr. 2100. - Hafnað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Lögð fram tvö brjef frá utanríkisráðuneytinu dags. 8. þ.m. varðandi skifti bresku setuliðsstjórnarinnar við yfirvöld bæjarins.

16. Lagt fram brjef frá A.S. Höjgaard og Schultz, Reykjavík, dags. 10. þ.m., varðandi hitaveituframkvæmdirnar.

17. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 1. þ.m.

18. Lagt fram brjef frá loftvarnanefnd dags. 4. þ.m. um kaup á súrefnihjálmum. Samþ. að heimila loftvarnanefnd, í samráði við bæjarverkfræðing, að festa kaup á 3 stórum og 5 minni hjálmum handa sjúkrahúsum og hjálparstöðvum Rauða Krossins.

19. Samþ. ákvörðun loftvarnanefndar, tilkynnt með brjefi lögreglustjóra 4. þ.m., um kaup á köðlum og björgunarhringum handa hjálparsveitum við höfnina.

20. Lagt fram brjef lögreglustjóra dags. 10 þ.m. um aðsókn að sundlaugunum og sundhöllinni.

21. Lögð fram fundargerð heilbrigðisnefndar í dag, 11. júlí. Ályktun nefndarinnar falin borgarstjóra til athugunar.

22. Lagt fram brjef Tryggingarstofnunnar ríkisins dags. 4. þ.m. um tryggingu á mönnum er vinna skyldustörf í sambandi við hernaðaraðgerðir.

23. Synjað beiðni Hákonar Guðmundssonar um rafmagn til hitunar á húsinu Bjarkahlíð við Bústaðaveg.

24. Bæjarráð vill ekki sinna framkominni beiðni um rafmagnshitun á húsinu Sólvallagötu 12, en samþykkir að fela rafmagnsstjóra að láta styrkja götukerfið á þessum slóðum til þess að hafa megi fullkomna rafmagnssuðu í húsinu.

25. Rætt um bætur til Sigryggs Eiríkssonar fyrv. lögregluþjóns vegna meiðsla, er hann varð fyrir í starfi sínu, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

26. Lögð fram tilkynning stjórnar Í. S. Í. um tillögur er voru samþykktar á aðalfundi sambandsins 28. f.m. um styrk bæjarsjóðs við starfsemi þess.

27. Lögð fram skýrsla um starf framfærslumálanefndar bæjarstjórnar er kosin var 2. febr. 1939. Samþ. að greiða kostnað við nefndarstörfin, alls kr. 1200. -

28. Lagt fram eftirrit af fundargerð öryggismálanefndar ríkisstjórnarinnar 10. þ.m.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jakob Möller
Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 18. júlí , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Ólafi Ólafssyni, Sólbyrgi, að byggja íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XVIII, enda verði [þau] tekinn burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, sumarbústaður sem nú er á landinu, þegar er íbúðarhúsið verður fullgert.

2. Samþ. að leyfa Búnaðarbanka Íslands að gera viðbyggingu úr timbri við tilraunahús bankans á Laugamýrarbl. XXVIII.

3. Samþ. að leyfa Halli Hallssyni tannlækni að byggja íbúðahús á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXXV (flytja þangað húsið nr. 1. við Reykjavíkurveg) með því skilyrði, að íbúðarhús sem nú er á landinu, verði flutt þaðan bæjarsjóði að kostnaðarlausu hvenær sem bæjarráð krefst þess með 3ja mánaða fyrirvara.

4. Samþ. að leyfa Kristni Magnússyni að byggja viðbót við íbúðarhús (úr timbri) á erfðafestulandinu Laugarásbletti II.

5. Synjað erindi Þóris Baldvinssonar ofl. um leyfi til að reisa bráðabirgðaskúr úr timbri á lóð við Sundlaugaveg.

6. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 33 við Seljaveg við Atla Eiríksson og Grétar Ólafsson.

7. Synjað beiðni Kristjáns Þorsteinssonar um lóðarspildu í Kaplaskjóli.

8. Samþ. að segja upp leigusamningi dags. 23. apríl 1927 um lóð við Sundlaugarveg, er leigð var Guðm. Sigurðssyni.

9. Að gefnu tilefni í brjefi frá Sigurði Auðbergssyni dags. 9. þ.m., tekur bæjarráð fram að húseignin Egilsstaðir við Draupnisstöðina er án lóðarrjettinda.

10. Að fenginni umsögn verkfræðinga hitaveitunnar getur bæjarráð ekki orðið við tilmælum sóknarnefndar Laugarnessóknar um heitt vatn frá Þvottalaugunum til upphitunar Laugarneskirkju, sem reisa á í sumar.

11. Lagt fram brjef lögreglustjóra dags. 16. þ.m. með lögregluskýrslu um sorpkast á Eiðisgranda, svo og umsögn heilbrigðisfulltrúa dags. í dag. Samþ. að óska eftir fyllri tillögum frá heilbrigðisfulltrúans um málið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Samþ. að taka tilboði frá Sigurði Jónssyni múrarameistara um byggingu spennistöðvar á lóðinni 142 við Laugaveg.

13. Borgarstjóra falið að taka úr erfðafestu landið Rauðarárholt III, 0.36 ha. að stærð.

14. Lagt fram brjef frá Guðrúnu Jónsdóttur dags. 12. þ.m. varðandi erfðafestulandið Kirkjuland.

15. Lagt fram brjef byggingarfulltrúa dags. í dag, með skýrslu um íbúðir sem verið er að byggja í bænum.

16. Lagt fram brjef frá stjórn Starfmannafjelags Reykjavíkurbæjar dags. 11. þ.m., varðandi eftirvinnu ýmissa starfsmanna.

17. Samþ. að gefa kost á eftirfarandi lóðum í Höfðahverfi, enda verði byggt á lóðunum í samræmi við fyrirhugað byggingarlag:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Þorvaldur Jónsson | Bræðr. 14 | fær | Hátún | 9 |
| Helgi Einarsson | Reykjavv. | “ | “ “ | 11 |
| Bjarni Olafsson | Spít. 1 | “ | “ “ | 13 |
| Sig. Jóhannsson | Hvg. 59 | “ | “ “ | 15 |
| Sig. S. Waage og Guðjón B. Guðlaugsson | Rán. 11 | fá | Hátún | 17 |
| Asgeir Sigurðsson | Skipstj. | fær | “ “ | 19 |
| Guðm. Friðfinnson | Hvg. 92 a | “ | Miðtún | 22 |
| Tómas Tómasson | Njg. 110 | “ | “ “ | 24 |
| Indriði Níelsson | Lvg. 38 | “ | “ “ | 30 |
| Eyjólfur Þorsteinsson | Leifsg. 23 | “ | “ “ | 32 |
| Pétur Amundarson | Hjarðarh. | “ | Nóatún | |

18. Borgarstjóra heimilað að taka erfðafestulandið Samtún úr erfðafestu, eða hluta þess.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson

Guðm. Ásbjörnsson Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 25. júlí , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að hálfu erfðafestulandinu Bústaðabletti XXIII fyrir kr. 3000. - Hafnað.

2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXIX með húseigninni „Norðurhlíð" fyrir kr. 20.000. - Hafnað.

3. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 13 við Blómvallagötu við Jóhann Hafliðason og Hafliða Jóhannson, sem áður var gefinn kostur á lóðinni einum.

4. Samþ. að ætla lóð undir prestsetursús fyrir Laugarnesprestakall nálægt kirkjulóðinni, eftir nánari útvísun síðar.

5. Bæjarráð samþykkir að sóknarnefnd Laugarnesprestakalls megi, fyrst um sinn og þar til annað verður ákveðið, taka frárennslisvatn hitaveitunnar við skólahús Laugarnesskólans, í því skyni að nota vatnið til upphitunnar á fyrirhugaðri kirkubyggingu.

6. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu það sem eftir er af erfðafestulandinu Melbletti IV. Stærð talin 952.4 ferm.

7. Lagt fram brjef lögreglustjóra, ódagsett, varðandi slysatryggingu á starfsmönnum hjálparsveita loftvarnanefndar.

8. Lagt fram brjef heilbrigðisfulltrúa, dags. 24. þ.m. varðandi sorphreinsun í bænum. Samþ. að biðja Ásgeir Þorsteinsson verkfræðing að ganga í nefnd með bæjarverkfræðingi og heilbrigðisfulltrúa, til þess að athuga og gera tillögu um meðferð á sorpi í bænum.

9. Með tilliti til brjefs bankastjórnar Landsbankans dag. 3. júní s.l., og síðari samningsumleitana, varðandi framlengingu á leigusamningi um fiskverkunarlandið við Haga, dag. 31, desbr. 1925, samþykkir bæjarráð að gera Landsbankanum tilboð um kaup á húsum og mannvirkjum á leigulandinu, svo og erfðafestulandinu „Haga", 3.785 ha. að stærð skv. erfðafestubrjefi dags. 31. desbr. 1925, með girðingum, húsum og öðrum mannvirjum á því landi, fyrir samtals kr. 165.000.- enda náist samkomulag um greiðsluskilmála. Tilboðið er m.a. gert vegna þess að bæjarráð telur ekki fært að verða við tilmælum bankastjórnarinnar um að framlengja lóðarleigusamninginn um fiskverkunarstöðina í Haga, þar sem gera má ráð fyrir að svæðið verði að taka til bygginga í náinni framtíð.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Lagt fram brjef frá rafmagnsstjóra, dags. 25. þ.m. um möguleika á kaupum frá Englandi á vörum til aukningar Sogsvirkjuninni.

11. Lögð fram bráðabirgðaskýrsla um starfsemi Sundhallarinnar á fyrra misseri ársins og yfirlit um rekstursafkomuna.

12. Synað erindi h.f. Vinnufatagerðar Íslands um rafmagn til hitunar á efri hæð verksmiðjuhúss við Þverholt 17.

13. Erindi lögreglustjóra um föst laun handa aðstoðarmanni lögreglunnar við hirðingu og aflífun óskiladýra synjað.

14. Lagður fram efnahagsreikningur Byggingarfjelags Reykjavíkur í likvidation pr. 1. júlí þ.á. Bæjarráð telur rjett að bæjarsjóður fái huseignir fjelagsins leigðar sjer út, gegn því að taka að sjer áhvílandi skuldir.

15. Lagt fram brjef frá fjelagsmálaráðuneytinu dags. 15. þ.m. með eftirriti af brjefi sendiráðs Dana, dags. 4. þ.m., varðandi útsvarsgreiðslu færeyskra verkamanna, sem hjer vinna fyrir breska herstjórnina, svo og umsögn skattstjóra um málið, dags. í dag. Bæjarráð samþykkir að taka tilboði er fellst í brjefi sendiráðsins um að það haldi eftir af kaupi hvers hinna færeysku verkamanna ákveðnum hundraðshluta til greiðslu á útsvari hans til bæjarsjóðs og felur borgarstjóra málið til afgreiðslu.

16. Lögð fram brjef varðandi skilyrði af hálfu bæjarráðs fyrir styrkveitingu til sjúkrahúss Hvítabandsins. Ákvörðun frestað.

17. Í sambandi við húsnæðisvandræðin í bænum og umræðum í bæjarstjórn um það mál, sýndi borgarstjóri tillöguuppdrætti að 3ja og 4ra hæða sambýlishúsum, sem hann hefir látið húsameistara bæjarins gera. Ákveðið að athuga málið nánar.

18. Samþ. að gefa Guðmundi Jónassyni, Mánag. 8 og Guðmanni Hannessyni, Einholti 7 kost á iðnaðarlóð við Þverholt, enda samþykki bæjarráð útlitsuppdrátt af byggingu á lóðinni.

19. Samþ. að gefa kost á eftirfarandi byggingarlóðum enda verði byrjað á byggingum á lóðunum fyrir 15. ágúst n.k.:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Halldór Björnsson | Karlag. 12 | fái | Kjartansg. | 3 |
| Guðm. Friðfinsson | | “ | “ “ | 5 |

20. Samþ. að gefa Friðrik Þorsteinssyni kost á lóð í Laugarneshverfi til þess að flytja þangað húsið Skólavörðustíg 12.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möler Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 1. ágúst , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Garðaholtsbletti IV með húseigninni Engihlíð fyrir kr. 14.000. - Hafnað.

2. Ákveðinn 40 ára leigutími á iðnaðarlóð Höskuldar Baldvinssonar, nr. 4 við Höfðatún.

3. Samþ. að gefa Guðm. Magnússyni kost á lóðinni Kjartansgötu 2, Kristjáni Reykdal og Jóni Sigtryggssyni kost á lóðinni nr. 10 við Guðrúnargötu, enda verði hafin bygging á lóðunum fyrir 1. septbr. næstk.

4. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti beiðni Þorsteins Stefánssonar um að byggja upp býlið Haukaland, sem rífa verður vegna flugvallargerðar, á þeim hluta erfðafestulandsins Vatnsmýrarbl. XVIII, sem er austan vegarins suður Vatnsmýrinnar.

5. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að borgarstjóri leyfi Garðyrkjufjelagi Íslands að byggja sýningarskála á hentugum stað í bænum, enda verði skálinn rifinn bæjarsjóði að kostnaðarlausi, þegar að lokinni fyrirhugaðir garðyrkjusýningu.

6. Erindi Erlendar Guðmundssonar um sölu á húseigninni Garðastræti 15 vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

7. Lögð fram umsögn skipulagsnefndar, dags. 28. júlí, um erindi útvarpsstjóra varðandi lóð fyrir útvarps- og sjónvarpsstöð. Falið bæjarverkfræðingi og húsameistara bæjarins til nánari athugunar.

8. Lagt fram brjef skipulagsnefndar, dags. 28. júlí, um skipulag í Laugarneshverfi, með tilliti til flutnings á olíugeymum h.f. Olíuversl. Íslands á erfðafestulandið Laugarnesblett I. Bæjarverkfræðingi og húsameistara falið að hraða afgreiðslu þessa máls, eftir því sem þeim er unnt.

9. Lagt fram brjef frá vegamálastjóra, með tilkynningu utanríkismálaráðuneytisins um að herstjórn Breta geti ekki takið til greina mótmæli bæjarstjórnar gegn því að fyrirhugað íþróttasvæði suður með Öskjuhlíðinni verði tekið til afnota hersins í sambandi við flugvöllinn. Bæjarverkfræðingi falið að athuga hvort mögulegt muni vera að hefja framkvæmdir um íþróttarvallargerð á öðrum stað, með framboðinni aðstoð herstjórnarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Lagt fram brjef frá Viðskiftamálaráðuneytinu dags. 15. júlí, svo og skýrsla frá Fjelagi ísl. Byggingarvörukaupmanna dags. 28. júlí, varðandi birgðir af byggingarefni hjer í bænum.

11. Lagt fram brjef frá hjeraðslækninum um byggingu brennslustöðvar fyrir sorp og annan úrgang. Vísað til nefndarinnar, sem skipuð var á síðasta bæjarráðsfundi til þess að athuga þessi mál.

12. Bæjarráð frestar fyrst um sinn, að taka ákvörðun um lagningu rafmagnsleiðslna um nýbýlalöndin í Digraneshálsi, þar til sjeð verður, hvort unnt verði að stækka Sogsstöðina.

13. Lagðir fram reikningar Rafmagnsveitu Reykjavíkur og Sogsvirkjunarinnar árið 1940. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra um að rafmagnsveitan greiði Sogsvirkjuninni fyrir rafmagn á reikningsárinu kr. 863.429,88.

14. Steinn Júl. Árnason afsalar sjer leigurjettindum að lóðunum 10 og 12 við Mánagötu. Samþ. að gefa Ársæli Jónssyni Þjórsárg. 2 kost á lóðunum, enda hefji hann byggingarframkvæmdir á þeim nú þegar.

15. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti teikningu af húsi á lóðinni Kjartansgötu 1, er var samþykkt á fundi byggingarnefndar 31. júlí.

16. Synjað beiðni Sigurlinna Péturssonar um leyfi til að stækka sumarskýli á erfðafestulandinu Fossvogsbletti L.

17. Útsvarsmál: Helga Níelsdóttir Eiríksg. 37, Guðmundur Helgason Lvg. 69, Guðmundur Þorsteinsson Holtsg. 37, Björn Björnsson Lvg. 27, Friðjón Bjarnason Háv. 13, Jón Guðmundsson Reykavv. 31, Jón Guðjónsson Bergst. 50, Jón B. Jónsson Vesturg. 51 a, S.R. vegna Sjúkrahúss St. Josephssystra, Sveinn Sveinsson Sólv. 54, Umboðs - og Raftækjaverslun Íslands h.f., Steingr. Guðmundsson Bergststr. 60, Þórður Árnason Nýl. 7, Lífábyrgðarfjel. „Danmark", Jón St. Arnórsson Lauf. 10.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson
Gunnar Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 8. ágúst, , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lagt fram brjef hafnarstjóra dags. í dag með erindi Harðar Þórðarsonar ofl., þar sem þeir æskja þess að fá Örfirisey á leigu til þess að reisa þar olíustöð. Vísað til umsagnar bæjarverkfræðings og skipulagsnefndar.

2. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins dags. 6. þ.m., með tilmælum um að bæjarsjóður leggi fyrirhuguðum sjómannaskóla ókeypis lóð í Rauðarárholti. Bæjarráð mælir með því, að gefin verði lóð undir bygginguna, en vísar erindinu til umsagnar bæjarverkfræðings og húsameistara bæjarins svo og skipulagsnefndar.

3. Lagt fram eftirrit af brjefi borgarstjóra til utanríkismálaráðuneytisins, dags. 6. þ.m., um fyrirhugaða umhleðslustöð ameríska setuliðsins hjer í bænum.

4. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar 28. f.m.

5. Erindi Eyjólfs Teitssonar um bætur vegna brunaskemmda á eign hans 2. maí s.l. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

6. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti beiðni frá hjúkrunarfjel. Líkn um húsnæði til ungbarnaskoðunar í úthverfaskólunum, í samráði við skólanefndir og skólastjóra.

7. Erindi Cæsars Mar f.h. Olíuhreinsunarstöðvarinnar um iðnaðarlóð við Hringbraut, vísað til skipulagsnefndar til umsagnar.

8. Lagðir fram reikningar Reykjavíkurkaupstaðar árið 1940.

9. Samþ að setja Guðjón Jónsson, Óðinsg. 10, sem umsjónarmann við Miðbæjarskólann.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Gunnar Thoroddsen
Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 15. ágúst , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Borgarstjóri bað fundarmenn að minnast Guðmundar Eiríkssonar bæjarráðsmanns, er ljest 13. þ.m.- og risu menn úr sætum sínum til heiðurs minningu hins látna.

2. Lögð fram tilkynning frá skólastjóra Gagnfræðaskóla Reykvíkinga um að foreldrafundur nemenda í skólanum hafi kosið nefnd manna til samningagerðar við bæjarstjórn um framtíð og fyrirkomulag skólans. Borgarstjóra, Guðm. Ásbjörnssyni og Jóni A. Péturssyni falið að ræða við nefndina.

3. Lagt fram brjef skipulagsnefndar dags. 11 þ.m., varðandi framkvæmd 22. gr. skipulagslaganna. Falið bæjarverkfræðingi og húsameistara til meðferðar.

4. Lagt fram brjef skipulagsnefndar dags. 11. þ.m. um byggingar við fyrirhugað kirkjutorg hjá Laugarnesskirkju.

5. Lagt fram brjef frá skólastjóra Laugarnessskólans, dags. 13. þ.m., um húsnæðismál skólans á næsta vetri. Borgarstjóri skýrði frá því að mál þetta væri í athugun.

6. Þórður Ámundason Hjarðarholti v/Reykjanesbraut sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

7. Lagt fram brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins dags. 18. júlí þ.á. um rafmagnsleiðslu að Norður-Reykjum í Mosfellssveit, svo og umsögn rafmagnsstjóra um málið dags. 25. s.m. Bæjarráð vill veðra við erindinu og leggja línuna, þegar er sjeð verður að stækkun Sogsvirkjunarinnar verði framkvæmd og felur rafmagnsstjóra frekari undirbúning málsins á þeim grundvelli,er í umsögn hans geinir.

8. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Krossamýrarbletti XIV fyrir kr. 700. - Hafnað.

9. Samþ.að leyfa Daníel Kristinssyni að byggja íbúðarhús úr steinsteypu og timbri á erfðafestulandinu Kleppsmýrarbletti XVII.

10. Samþ. að leyfa Johan Rönning að byggja við húsið á Bústaðabletti XVII úr timbri, svo og byggja bílskúr úr steinsteypu á sama landi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Birni Guðmundssyni Njál. 108 lóðina nr. 34 við Holtsgötu, enda verði byggt á lóðinni nú þegar.

12. Erindi Ísafoldarprentsmiðju h.f. um lóð í Laugarneshverfi, til þess að flytja þangað lítið íbúðarhús, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

13. Samþ. að gefa Þóri Baldvinssyni kost á lóðinni Hrísateig 19, enda verði hafin bygging á lóðinni fyrir 15. septbr. og bæjarráð samþykki útlitsuppdrátt af húsinu.

14. Samþ. að gefa Friðriki Þorsteinssyni kost á lóðinni Hrísateig 11 til að flytja þangað timburhúsið Skólavörustíg 12, en synjað beiðni hans um lóðina Hrísateig 19 í sama skyni.

15. Samþ. að gefa Haraldi Sveinbjarnarsyni kost á lóðinni Kjartansgötu 7, enda verði byrjað á byggingu fyrir 15. sept. næstk.

16. Samþ. að gera leigusamning um lóðina Miðtún 6 við Gunnar Gunnarsson Hvg. 102 b.

17. Eftir beiðni Péturs Ketilssonar var samþ. að gefa Aðalsteini Björnssyni Bergþ. 61 kost á lóðinni Flókagötu 16. Jafnframt afsalar Aðalsteinn sjer tilkalli til lóðarinnar Flókagötu 11.

18. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að halda áfram að úthluta lóðum fyrir smáhýsi austur af svæðinu, sem þegar er ráðstafað í Höfðahverfi og felur borgarstjóra að taka úr erfðafestu Mógrafablett, eða hluta hans, eftir þörfum.

19. Borgarstjóra heimilað að selja 38,9 ferm. spildu til viðbótar lóðinni Bræðraborgarstíg. 5.

20. Samþ. að gefa Byggingarsamvinnufjelagi Reykjavíkur kost á lóðunum 1,3,5 og 7 við Guðrúnargötu, enda verði byrjað á byggingu á lóðunum fyrir 15. sept. næstk.

21. Lagðar fram tillögur um úthlutun byggingalóða í Höfðahverfi, við Miðtún og Samtún, alls 20 lóðum. Bæjarráð samþykkir tillögurnar, en setur það skilyrði, að byrjað verði á byggingum fyrir 15. septbr. næstk.

22. Samþ. að gefa Stálhúsgöng kost á iðnaðarlóð við Skúlagötu 8, næst hornlóðinni við Höfðatún 12.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Helgi H. Eiríksson
Jón Axel Pétursson Guðm. Ásbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, þriðjudaginn 26. ágúst , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að gefa h.f. „Askja” kost á iðnaðarlóðinni Höfðatúni 12, enda samþykki bæjarráð útlitsuppdrátt af fyrirhugaðri byggingu.

2. Samþ. að gefa h.f. „Íslenska Skinna- og Skóiðjan” kost á iðnaðarlóð við Skúlagötu, næst austan við lóð Sjóklæðagerðarinnar.

3. Byggingarsamvinnufjelagi Reykjavíkur gefinn kostur á leigulóðunum nr. 2,4,6 og 8 við Guðrúnargötu í stað lóðanna 1,3,5, og 7 við götuna, sem fjelagið afsalar tilkalli til.

4. Samþ. að gefa Theodór Guðmundssyni Ásv. 21 og Gunnari V. Þorgeirssyni Njálsg. 47 kost á lóðinni Guðrúnargötu 1 og Snorra Halldórssyni Óð. 32 b kost á lóðinni nr. 3 við sömu götu, enda verði byrjað á byggingu á lóðunum fyrir 1. oktbr. næstk.

5. Samþ. að gefa Jóhanni Fr. Kristjánssyni Fjól. 25 kost á leigulóðinni nr. 18 a við Baldursgötu.

6. Eftir beiðni Guðjóns Jónssonar Auð. 11 var samþ. að gera leigusamning um lóðina Samtún 6 við Guðjón og Helga syni hans.

7. Borgarstjóra heimilað að gefa Þorsteini J. Sigurðssyni Bank. 6 kost á leigulóð í Laugarneshverfi til að flytja þangað hús nr. 5 við Þingholtsstræti.

8. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar dags. í dag, varðandi skipulag vð Hátún.

9. Synjað beiðni frá Guðrúni Jónsdóttur Lindquist Velt. 1 um að fá á leigu skýli til að hafa við Þvottalaugarnar.

10. Synjað erindi Ágústu Ingimundardóttur Leifsg. 7 um leyfi til að stækka söluskúr, sem stendur norðan Íþróttavallarins.

11. Erindi Garðyrkjufjelags Íslands um að sýningaskáli við Garðastræti megi standa fram í nóvbr. mánuð. Vísað til ákvörðunar borgarstjóra.

12. Synjað erindi frá h.f. Magna um leyfi til að hita með rafmagni húsið nr. 76 b við Hverfisgötu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Lagðar fram tillögur um úthlutun 26 byggingalóðar við Hátún, Nóatún, Miðtún og Samtún. Borgarstjóra heimilað að úthluta lóðunum eftir tillögunum og setja leigjendum hæfilegan frest til að byrja á byggingu íbúðarhúsa á lóðunum.

14. Eftir tillögu stjórnar Í.S.Í í brjefi dags. 20. þ.m. var ákveðið að biðja Gunnar Thoroddsen prófessor og Benedikt Jakobsson fimleikakennara að athuga með bæjarverkfræðingi hver úrræði skuli gera vegna töku breska setuliðsins á fyrirhuguðu íþróttasvæði við Skerjafjörð.

15. Lagt fram brjef frá skólastjóra Miðbæjarskólans og skólalækni, dags, í dag, með tillögum um að heilbrigðiseftirliti skólans verði fengið til umráða annað húsnæði í skólahúsinu. Frestað til athugunar.

16. Lagt fram brjef frá skólanefnd Skildinganesskólans dags. 18. þ.m. um skólahúsnæði næsta vetur, svo og umsögn skólastjórans dags. 30. f.m. Borgarstjóri skýrði frá því að hann og bæjarverkfræðingur hafi átt fund með skólanefnd og skólastjóra í gær og þar hafi orðið samkomulag um nauðsynlegar ráðstafanir.

17. Samþ. tillaga borgarstjóra að brjefi til Sjúkrahúss Hvítabandsins varðandi skilyrði bæjarráðs fyrir styrkveitingum til sjúkrahússins úr bæjarsjóði.

18. Borgarstjóri lagði til að bæjarstjórn verði við tillögu heilbrigðisnefndar um að tveimur lögregluþjónum verði falið sjerstak eftirlit með þrifnaði í bænum og að lögregluliði bæjarins verði fjölgað í þessu skyni. Jón A. Pjeturson lýsti sig andvígan fjölgun lögregluþjóna. Tillögur borgarstjóra vísað til bæjarstjórnar.

19. Sólveig Daníelsdóttir Efrihlíð og Fjóla N. Reimarsdóttir Freyjug. 6 sækja um meðmæli bæjarstjórnar til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

20. Lagt fram brjef frá sumardvalanefnd dags. 19. þ.m., varðandi heimflutning barna, sem dvelja á sumardvalaheimilum.

21. Lagt fram brjef frá Fjelagsmálaráðuneytinu dags. 21. þ.m. varðandi húsnæðisvandræðin í bænum

22. Útsvarsmál: Guðmundur Þorsteinsson, Vestu. 48, Sigurður Sveinbjarnarson, Baugsv. 5.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Jón Axel Pétursson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 29. ágúst, kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Carl Olsen að byggja bílskúr úr timbri á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti III.

2. Samþ. að heimila borgarstjóra að gefa Lúðvík A. Jóhannessyni Brag. 29 a o.fl. kost á iðnaðarlóð við Mjölnisveg, gegn Njarðarstöðinni, eftir nánari útvísun síðar.

3. Samþ. að gefa Sveinbirni Kristjánssyni Hvg. 39 kost á leigulóðinni Flókagötu 11.

4. Bæjarráð lítur svo á að fyrirhuguð bygging Guðm. Halldórssonar Lvg. 130 á erfðafestulandinu Fossvogsbletti XVIII sje stærri en heimilt er skv. erfðafestuskilmálum og synjað því byggingarleyfinu fyrir sitt leyti.

5. Lagt fram brjef frá Hörpu h.f. um að Hringbraut verði lögð nú þegar frá Hverfisgötu að Skúlagötu.

6. Skólastjóri Miðbæjarskólans leggur til að athugað verði hvort unnt sje að búa sundlaug fyrir nemendur skólans á skólalóðinni. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar í sambandi við framkvæmd hitaveitunnar.

7. Erindi kvikmyndahúsnefndar Háskólans um leigu á íshúsinu Tjarnargötu 10 c vísað til athugunar borgarstjóra og bæjarverkfræðings.

8. Lagt fram brjef lögreglustjóra dags. 26. þ.m. með tilmælum um að borgarstjóri skipi mann í nefnd er geri tillögur um val lögreglumanna. Bæjarráð óskar þess að borgarstjóri taki sæti í nefndinni, eða skipi mann í hana.

9. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í júlímánuði síðastl.

10. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar dags. 20. þ.m. um skipulag Vesturbæjarins norðan Vesturgötu, með uppdrætti. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti skipulag skv. uppdrættinum á svæðinu á milli Vesturgötu og Tryggvagötu, Norðurstígs og Ægisgötu. Ákvörðun frestað að öðru leyti.

11. Rafmagnsstjóra heimilað að verða við erindi Guðm. Gunnlaugssonar Njg. 65. um rafmagn til ljósa í sumarbústað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Ásta Sveinsdóttir Háv. 29 sækir um meðmæli til að fá veitingaleyfi. Vísað til bæjarstjórnar.

13. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að ráða aðstoðarmann til bráðabirgða í smiðju rafmagnsveitunnar, svo sem farið er fram á í brjefi dags. 21. þ.m.

14. Lagt fram brjef sumardvalanefndar dags. 28. þ.m. með áætlun um kostnað við sumardvalir á vegum nefndarinnar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi sltitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jakob Möller
Helgi H. Eiríksson Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 5. septbr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Bæjarráð heimilar bæjarverkfræðingi að verða við erindi Jóhönnu Guðfinnsdóttur Leifsg. 7, um að setja niður söluskúr til bráðabirgða við Reykjanesbraut.

2. Samþ. að gefa Olíuhreinsunarstöðinni kost á iðnaðarlóð neðan við Dósaverksmiðjuna.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. XI fyrir kr. 25000. - Hafnað.

4. Samþ. að leyfa Vilhj. Bjarnasyni að byggja bílskúr úr timbri á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXIII.

5. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 3. við Kjartansgötu við Halldór Björnsson og Guðmund Friðfinnsson Hvg. 104 b.

6. Synjað erindi Friðriks Þorsteinssonar Skólav. 12 um lóð á horni Hrísateigs og Sundlaugavegs.

7. Synjað beiðni Georgs Kristjánssonar Barón. 2 um leigulóðina Kjartansgötu 8.

8. Bæjarráð vill ekki fyrir sitt leyti samþykkja beiðni um skiftingu Grímsstaðaeignarinnar dags. 18. júlí þ.á.

9. Samþ. að úthluta neðanskráðum byggingarlóðum, með skilmálum er leigjendur hafa samþykkt:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Jón Guðlaugsson | Flók. 15 | fær Kjartansgjötu | 8 |
| Aðalsteinn og Kristbjörn Tryggvasynir | Skólav. 33 | fá Guðrúnargötu | 5 |
| Jón Þórðarson | Reyn. 34 | fær Guðrúnargötu | 7 |
| Ragnhildur Hjartard. | Oð. 8 | fær Guðrúnargötu | 9 |

...en síðastnefnda lóðin var 6. júní lofuð Guðrúnu Halldórsdóttur sem notar lóðina ekki.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Lögð fram umsókn frá Slippfjelaginu h.f. dags. 4. þ.m., um leyfi til að byggja smíðahús úr járni og timbri. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti að fjelaginu verði til bráðabirgða leyft að byggja einnar hæðar hús á þeim stað, sem um er sótt og fái leigða lóð undir húsið, enda verði 6 mánaða uppsagnarfrestur á hvorttveggja. Jón A. Pétursson er mótfallinn því, að leyfið verði veitt.

11. Synjað erindi frá Jóni J. Fannberg dags. 31 f.m. um að bæjarsjóður leggi holræsi frá húsi, sem hann er að reisa á horni Vesturgötu og Garðastrætis, niður í Tryggvagötu.

12. Samþ. að úthluta þessum lóðum, enda verði byrjað á byggingu fyrir 1. okt. næstk.

| | | |
|---|---|---|
| Pétur Söebeck | Ásv. 59 | fær Samtún 28 |
| Sig. Guðbjartsson | Lvg. 28 c | fær Miðtún 64 |
| Agúst Jónsson | Njg. 35 | fær Miðtún 70 |
| Karl Grönvold | Seljav. 25 | fær Miðtún 72 |

13. Bæjarverkfræðingi falið að láta rannsaka hvaða sumarbústaðir í nágrenni bæjarins muni vera fáanlegir og nothæfir til íbúðar á næsta vetri.

14. Bæjarverkfræðingi og húsameistara falið að bjóða út samkeppni um tillöguuppdrætti að 3ja og 4ra hæða fjölbýlishúsum.

15. Rætt um byggingu bráðabirgðaíbúða. Borgarstjóra og bæjarverkfræðingi faldar frekari framkvæmdir.

16. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofunnar í ágúst síðastl.

17. Sigurður J. Jörundsson fer fram á að fá áfram á leigu húsnæði á Lvg. 74. Bæjarráð bendir á að bæjarsjóður hafi þegar selt húsið.

18. Synjað erindi Einars Bjarnasonar Norð. 7 um leyfi til að reka veitingar við Tjörnina eða á henni á vetri komanda.

19. Samþ. með 3:2 atkv. að verða við beiðni Kvikmyndahúsnefndar Háskólans um að fá á leigu til kvikmyndahúsrekstur geymsluhúsið Tjarnargötu 10 c. Málinu vísað til bæjarstjórnar.

20. Bæjarráð samþ. fyrir sitt leyti að Fjáreigendafjelagið taki nú í haust kr. 1.25 fyrir hverja kind bæjarmanna, til þess að anna fjallskilum.

21. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti útlitsuppdrátt Þóris Baldvinssonar af húsi á leigulóð hans Hrísateig 19.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22. Borgarstóra heimilað að semja um tryggingu gegn slysum á baðgestum Sundhallarinnnar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möller Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 12. sept., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að gera leigusamning um Árbæjarblett VI við Björn Jónsson, Bræðr. 12.
2. Samþ. að leyfa Kristjáni Ó. Sveinssyni, Krigl. 24 að byggja bifreiðaskýli og viðbyggingu úr timbri við húsið á Kringlumýrarbletti 24.
3. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 10 við Guðrúnargötu við byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur, en lóð þessari hafa þeir Kristján Reykdal og Jón Sigtryggsson afsalað sér.
4. Samþ. að gefa Lúðvík Guðmundssyni, Vest. 56, kost á lóðinni nr. 1 við Hrísateig.
5. Samþ. að gefa Guðmundi Óskari Ólafssyni, Lok. 7, kost á lóðinni nr. 66 við Miðtún.
6. Samþ. að gefa Bjarna Jóhannessyni, Ljós. 8, kost á lóðinni nr. 68 við Miðtún.
7. Samþ. að gefa þessum mönnum kost á eftirtöldum lóðum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| a. | Ólafur H. Jónsson | framkv. stj. | fái lóðina nr. 21 við Flókagötu |
| b. | Finnbogi Kjartansson | Aust. 2 | fái lóðina nr. 19 við sömu götu |
| c. | Hörður Bjarnason | Hólav. 13 | fái lóðina á horni Rauðarárstígs og Háteigsvegar, sunnan Háteigs |

...allir með þeim nánari skilyrðum, er getur í umsóknum þeirra.

8. Samþ. að gefa h.f. Hús, kost á lóðunum nr. 32 og 34 við Rauðarárstíg.
9. Samþ. að leyfa Vilhjálmi Eyjólfssyni að byggja tvo bílskúra í norðvesturenda Melbæjarlóðarinnar við Kaplaskjólsveg.
10. Lögð fram matsgjörð lóðarmatsnefndar á leigu eftir lóðina nr. 4 við Höfðatún.
11. Samþ. að tilkynna þeim Margréti Halldórdóttur, Egilsg. 28, að skúrar þeir, er þau eiga við Aldamótagarðinn, rétt austan við Gróðrastöðina, skuli fluttir burtu innan mánaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Synjað beiðni Magnúsar Brynjólfssonar, Bústaðavegi 54, um leyfi til að byggja viðbót við sumarhús hans í Fossvogi.

13. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um rafmagn til sumarbústaða í Vatnsendalandi. - Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

14. Samþ. að verða við tilmælum loftvarnanefndar um að veita fé til að bæta við einum varðmanni í turn Landakotskirjunnar.

15. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar frá 9. sept.

16. Samþ. að skipa Magnús Vigfús Sörensen, Grettisgötu 57, lögregluþjón frá 1. þ.m.

17. Bæjarráðið getur ekki fallist á verða við tilmælum skólalæknis um að breyta dyravarðaríbúðinni í Miðbæjarskólanum í lækningastofur.

18. Lagðar fram umsóknir um meðmæli með veitingaleyfisbeiðnum frá Högna Halldórssyni og Ásgeiri Þórarinssyni. - Vísað til bæjarstjórnar.

19. Lagt fram bréf frá stjórn verkamannafélagsins Dagsbrún, þar sem þess er óskað, að félaginu verði veittur sá styrkur, er áður hefir verið veittur til styrktarsjóðs sjómanna og verkamannafélaga innan Alþýðusambandsins. - Samþ. með 4:1 atkv. að verða við erindinu.
Jón Axel Pétursson óskaði bókað:
Mótmæli rangfærslum, sem eru í bréfi H.V. og G.G. og greiði atkvæði gegn þessari ráðstöfun.

20. Útsvarsmál: Kristján Guðmundsson, Grett. 75.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möller Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# B Æ J A R R Á Ð.

Ár 1941, föstudaginn 19. sepbr., kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kirkjumýrarbletti VIII með húseigninni Tungu fyrir kr. 85000.- Hafnað.
2. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti XV með húsum fyrir kr. 12000. - Hafnað.
3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XVIII fyrir kr. 3000. - Hafnað.
4. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu hluta af Kleppsmýrarbletti I.
5. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu hluta af landinu Rauðarárholti I.
6. Synjað erindi Finnboga Árnassonar um að húseignin Bergstaðir við Kaplaskjólsveg megi standa um næstu 15 ára skeið.
7. Samþ. að gefa Jóni Guðjónssyni Berg. 50 kost á leigulóðinni Gunnarsbraut 28, enda hefir hann byggingu á lóðinni fyrir 15. nóvbr. n.k.
8. Erindi Jóns Guðjónssonar Berg. 50 um leigulóð í Laugarneshverfi til að flytja þangað nefnda húseign, Berg. 50, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.
9. Samþ. að gefa Sigrúnu Pétursdóttur og Þorl. Ben. Þorgrímssyni Bergsst. 2 kost á leigulóðinni nr. 100 við Laugaveg.
10. Samþ. að gefa Gunnari Bjarnason Suð. 5 kost á leigulóðinni Kaplaskjólsveg 9 og 11.
11. Samþ. að gefa Kristjáni Þorgrímssyni Laugarnesv. 58 kost á leigulóðinni nr. 11 við Kirkjuteig.
12. Samþ. að gefa Matthíasi Matthíassyni Hvg. 112 kost á leigulóðinni nr. 13 við Kirkjuteig.
13. Borgarstjóra falið, í samráði við lögreglusjóra að leita tilboða um kaup á einkennisfatnaði fyrir lögregluþjóna bæjarins árið 1942.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Samþ. að gefa Elliheimilinu kost á leigulóð undir íbúðarhús á horni Brávallagötu, eftir nánari útvísun.

15. Borgarstjóra heimilað að leigja Oddi Jónassyni Lauf. 9 ofl. lóðir undir sambyggð íbúðarhús á svæðinu milli Hringbrautar og Grandavegar.

16. Samþ. að skifta erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XX, þannig að annar hluti þessi verði 2.48 ha. en hinn 1.28 ha.

17. Bæjarráð samþykkir að verða við erindi frá stjórn Bamdaríkjanna um að láta af höndum til leigulausrar notkunar lóð undir samkomuhús við Skólavörðutorg sunnanvert, enda verði húsið fengið bæjarstjórn til eignar að ófriðnum loknum.

18. Lögð fram skýrsla Einars B. Pálssonar verkfr. um ferð til Grundafjarðar 5.- 13. þ.m. til athugunar á viðskiftum bæjarins við Oscar Clausen. Málið falið borgarstjóra til meðferðar.

19. Lögð fram umsókn búenda við Engjaveg um götulýsingu við veginn, svo og umsögn rafmagnsstjóra um erindið. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að verða við erindinu.

20. Lagt fram brjef frá Lárusi Fjeldsted hrmftm. f.h. Lárusar Hjaltested, Vatnsenda um bætur til hans fyrir spjöll á landi jarðarinnar vegna stíflu og vatnsuppistöðu Rafmagnsveitunnar við Elliðavatn. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

21. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþ. að veita Holgeiri Gíslasyni Bræðr. 36 löggildingu sem rafmagnsvirkja við lágspennuveitu í Reykjavík.

22. Lagt fram brjef baðhúsvarðar um greiðslu á kaupi til aðstoðarfólks í Baðhúsinu. Samþ. að fallast á tillögurnar.

23. Lagðar fram beiðnir um meðmæli til að fá veitingaleyfi frá:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Anton Jacobsen | Ránarg. 26 |
| b. | Guðlaugu Björnsdóttur | Álfabrekku |
| c. | Jóhönnu Guðfinnsdóttur | Leifsgötu 7 |

Vísað til bæjarstjórnar.

24. Samþ. að ráða Guttorm Erlendsson lögfræðing, sem endurskoðanda reikninga bæjarins og bæjarfyrirtækja frá 1. janúar næstk., með launum skv. III. launaflokki.

25. Samþ. að geiða hagfræðingi bæjarins, Birni Björnssyni, kaup í III. launaflokki.

26. Útsvarsmál: Íspan h.f., Compensation Trade Co. h.f., Árni Óla Hávallag. 36, Ingvar A. Axelsson Velt. 3 b, Emil Björnsson Seljav. 31, Arnbjörg Stefánsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brag. 21, Kragh Kristólína Aust. 6., Sigurður Guðmundsson Norð. 3, Ólafur Þ. Ögmundsson Baugsv. 13 a, Finnur Jónsson Templ. 3, Jón Steingrímsson Sólv. 31, Óli Ísfeld Vestur., Jón Einarsson Fram. 58, Indriði A. Jóhannsson Ásv. 10, Friðrik Björnsson Ing. 4, Andrjes Pétursson Njg. 84, Björn Kristmundsson Freyjug. 34, Bjarni Guðmundsson Hringgbr. 30, Óskar Bjarnason, Háskólanum, Þorsteinn J. Eyfirðingur, Kristján J. Gunnarsson Bjarn. 11, Jón Ásg. Jónsson Ing. 21 b, Sigurður Gíslason Tjarn. 39, Kolaverslun Suðurlands h.f., Jafet Þorsteinsson db. Mýri A, Danmark lífsábyrgðarfjel.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Helgi H. Eiríksson Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 26. septbr. , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Kristjáni Guðmundssyni að byggja bílskúr á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXVII, með því skilyrði að skúrinn verði tekin af landinu hvenær sem bæjarráð krefst þess - og bæjarsjóði að kostnaðarlausu.

2. Boðin forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti XLVII með húsi fyrir kr. 10.000.- Hafnað.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Laugarásbletti XVI með húsi fyrir kr. 15.500. - Hafnað.

4. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXXXV með húsi fyrir kr. 15.000. - Hafnað.

5. Samþ. að skifta erfðafestulandinu Sogamýrarbletti XXXV, sem er 3 ha. að stærð, í tvo jafna hluta, hvorn 1.5 ha. stóran. Jafnframt er tekið fram að bókun í fundargerð bæjarráðs 19. þ.m. , 16 lið, er röng vegna misskilnings.

6. Lagt fram erindi Sig. Arnalds dags. 19. þ.m. um land undir loðdýrabú. Frestað til athugunar.

7. Lagt fram brjef skipulagsnefndar, dags. 23. þ.m., með umsögn um hvort leyfa beri að reisa olíu- og bensíngeyma í Örfirisey, á norðurhluta eyjarinnar.

8. Lagt fram brjef skipulagsnefndar, dags. í dag, um lóð undir fyrirhugaðan sjómannaskóla. Bæjarráð leggur til að gefin verði lóð undir skólanna í Rauðarárholti, þar sem undirbúningsnefnd skólabyggingarinnar óskar eftir, og verði stærð lóðarinnar ákveðin síðar.

9. Samþ. að gefa h.f. Keili kost á lóð til iðnreksturs við vestanverðan Elliðaárveg á svonefndum Gelgjutanga.

10. Synjað erindi Kristjáns Gíslasonar, Öld. 45, um iðnaðarlóð neðan við Selbúðir, innan Hringbrautar.

11. Samþ. að gefa Þorvaldi Thoroddsen Túng. 12, kost á leigulóð við Reynimel, væntanl. nr. 27, með þeim skilmálum er greinir í brjefi hans, dags. 24. þ.m.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Samþ. að gefa h.f. Alm. byggingarfjelaginu kost á lóðum undir íbúðarhús við Brávallagötu úr erfðafestulandinu Melbeltti IV, með því skilyrði að byrjað verði á byggingu fyrir lok oktbr. mánaðar næstk.

13. Samþ. að gefa Þorkeli Ingibergssyni Brag. 25 kost á leigulóðinni Kirkjuteig 15.

14. Ingimar Þorsteinsson Seljav. 9 sækir um leigulóð á horni Holtsgötu og Seljavegar. Vísað frá, þar sem bæjarsjóður á ekki lóð þá, sem um er sótt.

15. Synjað beiðni Gunnars Bjarnasonar, Suð. 5 um leigulóðina Víðimel 66, þar sem lóðin er leigð öðrum.

16. Synjað beiðni Jóns Gunnarssonar og Karl Þorsteins Lauf. 54 um leigulóðina Viðimel 29.

17. Samþ. að gefa Páli Þorlákssyni Grund. 4 kost á lóðinni Háteigsveg 4, enda sjái hann sjer sjálfum fyrir stíg að húsinu og leiðslum frá því.

18. Samþ. að gefa Sigursteini Ánrasyni Hringbr. 161 kost á lóð undir trjesmiðavinnustofu, Höfðatún 2.

19. Samþ. að veita Margrjeti Halldórsdóttur, Egilsg. 28, frest til 15. apríl 1942 til að flytja burtu skúr, sem hún á við Laufásveg, gegnt Kennaraskólanum.

20. Eftir tillgögu lögreglustjóra var samþ. að ætla setuliði Bandaríkjanna stæði fyrir vörubifreiðar á veginum milli Njarðargötu og Suðurgötu, gegnt Loftskeytastöðinni. Jafnframt leggur bæjarráð til að vegarspotta þessum verði lokað fyrir annarri umferð.

21. Borgarstjóra heimilað að leyfa Gunnari Hálfdánarsyni að reisa bráðabirgðahús við Langholtsveg, á lóð úr erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. I.

22. Synjað erindi Ármans Sveinssonar um heitt vatn til hitunar húsinu Hringbraut 33.

23. Erindi Ingimars Þorsteinssonar Seljavegi 9, varðandi vatnsleiðslu að sumarbústað við Elliðaár vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

24. Lagt fram brjef frá Skipulagsnefnd, dags. í dag, varðandi ráðstöfun á lóðinni við Vesturvallagötu, að fyrirhuguðum barnaleikvelli. Leggur nefndin á móti því að lóðirnar verði notaðar undir bifreiðaskúra. Bæjarráð er sammála og synjar því erindi Byggingarsamvinnufjelags Reykjavíkur dags. 15. ágúst s.l.

25. Lagt fram brjef Skipulagsnefndar dags í dag, með tillögum um að lóðir Bráðræðiseignarinnar verði notaðar fyrir iðnrekstur. Bæjarráð samþykkir tillöguna fyrir sitt leyti.

26. Samþ. að heimila lögreglustjóra að kaupa bifreið, í stað R. 1166, enda verði sú bifreið seld í samráði við borgarstjóra.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27. Erindi Starfsmannafjelagsisn dags. 19. þ.m. um launakjör nokkurra starfsstúlkna í Sundhöllinni vísað til forstjóra þeirrar stofnunnar til umsagnar.

28. Samþ. að biðja Gunnar Thoroddsen bæjarfltr. að ganga í nefnd með borgarritara og fulltrúa frá Starfsmannafjelaginn, er geri tillögur um reglur um frígjafir vegna yfirvinnu starfsmannanna.

29. Eftir tillögu rafmagnsstjóra var samþ. að setja Guðmund Nikulásson sem aðstoðarmann með launum eftir IX launaflokki.

30. Bæjarráð ítrekar samþykkt sína frá 3. jan síðastl. um að selja ekki að svo stöddu götustæði Veltusunds, áður en skipulagsuppdráttur Miðbæjarins hefir verið samþykktur.

31. Að tillögu skólastjóra Miðbæjarskólans samþykkir bæjarráð fyri sitt leyti að Árni Þórðarson verði ráðinn eftirlitskennari í íslensku við skólann.

32. Skólanefnd Húsmæðraskólans æskir þess að bæjarstjórn samþykki kaup á húseigninni Sólvallagötu 12 fyrir húsmæðraskóla. Vísað til bæjarstjórnar.

33. Lagt fram brjef frá stjórn Fasteignaeigandafjelags Reykjavíkur með tilmælum að fjelaginu verði fengin til umsagnar mál, er skifta hagsmuni húseigenda, sem bæjarstjórn tekur til meðferðar.

34. Bæjarráð synjar tilmælum eftirlitsmanns sveitarstjórnarmálefna um eftirgjöf á nokkrum hluta af skuld Miðneshrepps við bæjarsjóð.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Guðm. Ásbjörnsson
Jón Axel Pétursson Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 3. oktbr. , kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Gísla Sveinssyni að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Laugarásbletti VIII, enda verði skúr, sem nú er á landinu, fluttur í burtu þegar er byggingu hússins er lokið.
2. Samþ. að leyfa Búnaðarbanka Íslands að byggja, í tilraunaskyni íbúðarhús, á erfðafestulandinu Laugamýrarbl. XXVIII, úr timbri með veggplötum, enda verði húsið flutt burtu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu þegar krafist verður.
3. Samþ. að leyfa byggingu svína- og hænsnahúss úr timbri og járni, og fjós með haughúsi úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Sogamýri XIV.
4. Synjað beiðni Guðlaugar Björnsdóttur Álfabrekku um leyfi til að reisa skúr á erfðafestulandinu Þvottalaugabl. XXVII.
5. Synjað beiðni um skiftingu erfðafestulandsins Sogamýrarbl. XLI.
6. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kleppsmýrarbl. VIII fyrir kr. 6500. - Hafnað.
7. Bæjarráð samþykkir afsal Halldórs Jónssonar, Litlabæ fyrir erfðfestulandinu Garðaholtsbletti I til erfingja hans Þórðar Halldórssonar Sólv. 56.
8. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti II með húseigninni Laugabrekku fyrir kr. 65000. - Hafnað.
9. Samþ. með 4 atkv. gegn 1 (Jón A. Pétursson) að leyfa Sig. Arnalds að reisa loðdýrabú á erfðafestulandinu Jaðarsbletti með því skilyrði að búið verði flutt af landinu, bæjarsjóði að kostnaðarlausu, innan 2 1/2 árs.
10. Samþ. með 4 atkv. gegn 1(Jón A. Pétursson) að heimila borgarstjóra að selja Jóni Daníelssyni húseignina Fálkagötu 10 a fyrir kr. 5000.-
11. Samþ. að heimila borgarstjóra að selja h.f. Hamar húseign bæjarins við Tryggvagötu (Norðurstíg 9).
12. Synjað beiðni Gunnars Vilhjálmssonar um leigulóð, er yrði nr. 29 við Flókagötu.
13. Erindi Jóhanns M. Kristjánssonar um leigulóð austan við Höfðaeignina vísað til Skipulagsnefndar til umsagnar.
14. Synjað beiðni verslunar- og byggingarfjelagsins Borgir um leigulóðir á svæðinu milli Hringbrautar og Grandavegar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Lagt fram erindi frá Fjelagi ísl. iðnrekenda um lóð undir sýningarskála. Vísað til bæjarverkfræðings til umsagnar.

16. Synjað beiðni Einars Þorgrímssonar ofl. um leigu á öðru efri veiðimannahúsanna fyrir kaffistofu.

17. Lagt fram brjef frá skólanefnd Laugarnesskólans með erindi frá íbúum í Kringlumýri um vegabætur vegna stóraukinnar umferðar á Suðurlandsbraut er börnum stafi einkum hætta af. Falið bæjarverkfræðingi til framkvæmda, sem þegar eru hafnar.

18. Samþ. að skipa vatnslagnarmennina Eyjólf Halldórsson og Sigurjón Gíslason sem fasta starfsmenn við Vatnsveituna með launum skv. VII. launaflokki.

19. Synjað beiðni Jakobs Einarssonar, Stað við Laugarásveg um leyfi til að hafa pylsuvagn í Kolasundi.

20. Lagt fram brjef skólanefndar Laugarnesskólans, dags. 1.þ.m., með tilmælum um að hraðað verði fullnaðarbyggingu skólahússins.

21. Að gefnu tilefni í brjefi skólanefndar Laugarnesskólans dags. 1.þ.m, skýrði borgarsjóri frá því, að þegar væri teknar til greina óskir nefndarinnar um að sundlaugarnar verði opnaðar fyrir börn úr skólanum nokkra tíma í vikur, meðan leikfimikennsla verður að liggja niðri í skólahúsinu sökum þrengsla.

22. Ákveðið að fá umsögn skólanefnda um beiðni Ágústs Sigurðssonar um húsnæði fyrir námsflokka Rykjavíkur í Miðbæjarskólanum.

23. Skólastjóri Miðbæjarskólans tilkynnir að kennslumálaráðuneytið hafi veitt Sigurvini Einarsyni frí frá kennslustöfum 2 næstu skólaár, án launa.

24. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að leggja rafmagnsleiðslur um Digranesland með skilmálum er getur í brjefi rafmagnsstjóra 27. septbr.

25. Beiðni um rafmagnshitun í Þjóðleikhúsinu vísað til afgreiðslu rafmagnsstjóra á þeim grundvelli er í brjefi hans 29. sept. greinir.

26. Tillögur rafmagnsstjóra í brjefi dags. 25. septbr. um flutning nokkura starfsmanna Rafmagnsveitunnar á milli launaflokka í sambandi við breytingar á verkstjórn og birgðageymslu, lagðar fram og samþykktar.

27. Rafmagnsstjóra heimilað að ráða Höllu Jóhannsdóttur Skólav. 17 a til starfa í skrifstofu Rafmagnsveitunnar, með launum skv. XV. flokki.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Gunnar Thoroddsen
Jón Axel Pétursson Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 10. oktbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að fela slökkviliðsstjóra, Birni Björnssyni hagfr. og Jóni Sigurðssyni verkfr., Jóni Oddgeiri Jónssyni og Kristjáni Reykdal að gera tillögur að nýjum reglum um brunamálefni bæjarins, með löfræðilegri aðstoð Ólafs Sveinbjörnssonar fulltrúa.

2. Lagt fram brjef frá h.f. Keili með beiðni um vega- og vatnslögn að Gelgjutanga. Vísað til bæjarverkfræðings.

3. Boðinn forkaupsrjettur að erfðafestulandinu Kringlumýrarbl. XXII með íbúðarhúsinu Háaleitisvegi 22 fyrir kr. 35.000. - Hafnað.

4. Samþ. að heimila borgarstjóra að ætla Verslunar- og byggingarfjel. Borgin lóðir undir íbúðarhús við Rauðarárstíg frá Hverfisgötu, eftir nánari útvísun síðar.

5. Borgarstjóra heimilað að taka úr erfðafestu Tjarnarendabletti II.

6. Ákveðið að fá umsögn skipulagsnefndar um erindi Fjel. ísl. iðnrekenda um lóð undir sýningarskóla.

7. Synjað beiðni Blaðahringsins um leyfi til að gera blaðasöluskýli á Lækjartorgi.

8. Samþ. að leyfa byggingu geymsluskúrs úr timbri á erfðafestulandinu Laugarásbletti XIX.

9. Samþ. að gefa h.f. Korkiðjan koks á verksmiðjulóð á horni Skúlagötu og Mjölnisvegar, eftir nánari útvísun síðar. Bygging verði hafin á lóðinni fyrir næstu áramót.

10. Samþ. að gefa Geir Zöega, Aust. 7, kost á lóð undir vörugeymsluhús í Kaplaskjóli, eftir nánari útvísun bæjarverkfr.

11. Beiðni Jónasar Jónssonar Lækjarborg um vatnslögn vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

12. Beiðni H. Rasmus um leyfi til að setja bráðabirgða veitingaskála við norðvesturhorn íþróttavallarins. Synjað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Lagt fram brjef frá stjórn elliheimilisins dags. 4. þ.m. með beiðni um aðstoð til þess að festa kaup á húsi á horni Brávallagötu og Blómvallagötu til þess að bæta úr húsnæðisþrenglsum heimilisins.

14. Samþ. tillögu rafmagnsstjóra í brjefi dags. 7. þ.m. um rekstursreikninga raforkuveitunnar til Hafnarfjarðar árið 1939-40.

15. Samþ. tillaga rafmagnsstjóra í brjefi 8. þ.m. um lagningu heimtaugar að sumarbústað við Kringlumýrarveg.

16. Erindi skólastjóra Miðbæjarskólans um aðstoð til að gera spjaldskrá yfir skólabörn, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

17. Samþ. að innheimtumenn S.R., er bæjarsjóður reiðir fyrir, fái 360 kr. mánaðarlaun.

18. Lagðar fram umsóknir um meðmæli með beiðnum um veitingaleyfi frá Hjálmtý Péturssyni Rán. 21 og Kristjáni Guðmundssyni Grett. 75. Vísað til bæjarstjórnar.

Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Jón Axel Pétursson Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 17. oktbr. kl. 5 e.h. hjelt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka úr erfðafestu Hólsblett II í Kaplaskjóli.

2. Eftir beiðni E. Rokstads, Bjarmalandi, var samþ. að breyta mörkum erfðafestulandanna Laugamýrarbl. VIII og IX. Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

3. Synjað erindi Magnúsar Einarssonar um leyfi til að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Sogamýrarbl. LIV, stærra en leyfilegt er skv. erfðafestubrjefinu.

4. Samþ. að heimila borgarstjóra að selja Gísla Halldórssyni á leigu lóðarskika við Hringbraut til viðbótar við eignarlóð hans (Pálshús), eftir nánari útvísun síðar.

5. Synjað erindi Þorkels Þorleifssonar Vest. 2, um leigulóð við sumarbústað hjá Elliðaánum.

6. Synjað erindi frá Páli B. Melsted og Gunnl. B. Melsted um byggingarlóð við Rauðarárstíg frá Hverfisgötu, þar sem öðrum var gefið fyrirheit um lóðina á fundi bæjarráðs 10. þ.m. (f. liður).

7. Lagt fram brjef frá s.f. Stálsmiðjan dags. 13. þ.m. með beiðni um leigulóð að Seljavegi og Vesturgötu frá járnsteypulóð firmans. Umsóknin verður tekin til athugunar þegar lóðin verður hans.

8. Lögð fram umsókn Eggerts Guðmundssonar Laugarnesv. 58 um hornlóð við Laugarnesveg gegnt nr. 34. Lóðin er ekki eign bæjarins enn (erfðafestuland).

9. Borgarstjóra heimilað að leigja Sverri Sigurðssyni til bráðabirgða lóðarspildu við Hafnarstr. 18.

10. Samþ. að leyfa Kristni Morthens Skothv. 7 að byggja bráðabirgðahús á lóð nr. 3 við Fálkagötu.

11. Lagt fram brjef frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 10. þ.m., þar sem þakkað er fyrir ákvörðun bæjarstjórnar um að gefa lóð undir fyrirhugaðan sjómannaskóla. Ennfr. lagt fram brjef sama ráðuneytis, dags. 17. þ.m. varðandi stærð lóðarinnar. Borgarstjóra falið að svara brjefinu.

12. Beiðni Gunnars Hálfdánarsonar um vatnsæð að sumarbústað við Elliðaár vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Beiðni Jóns Ingibergsonar um raftaug að húsi við Elliðaár vísað til rafmagnsstjóra til afgreiðslu.

14. Lagt fram tilboð frá Aðalsteini Jóhannsyni um aðstoð til að útrýma rottum í lögsagnarumdæminu. Vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

15. Bæjarráð telur ekki fært að veita Elliheimilinu umbeðna aðstoð til að festa kaup á húsi, sem er í smíðum á horni Brávallagötu og Blómvallagötu.

16. Samþ. að skipa Hjálmar Blöndal sem fulltrúa á skrifstofu bæjarverkfræðings og byggingarfulltrúa.

17. Lögð fram skýrsla Ráðningarstofu Reykjavíkur um starfsemina í septbr.

18. Samþ. frv. að samningi við Sjúkrasamlagið um greiðslu leigukostnaðar í Farsóttahúsinu, með breytingu sem S.R. stingur upp á, í brjefi, dags. 14. þ.m.

19. Borgarstjóra heimilað að ráða starfsfólk við Sundhöllina í stað Péturs Eiríkssonar og Valgerðar Árnadóttur, sem láta af störfum.

20. Lögð fram umsögn forstjóra Sundhallarinnar um erindi Starfsmannafjelagsins varðandi launakjör starfstúkna í Sundhöllinni.

21. Erindi Sigurðar Eyþórssonar um launakjör hans vísað til borgarstjóra til athugunar.

22. Lagðar fram umsóknir um meðmæli til að fá veitingaleyfi frá Laila Müller Jörgensen Vest. 10 og Kristjáni Friðrikssyni Skólav. 19. Vísað til bæjarstjórnar.

23. Samþ. að gefa kost á eftirfarandi lóðum til íbúðarhúsabygginga, enda verði byrjað á byggingu á lóðunum fyrir 15. nóvbr. n.k.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Miðtún | 21 | fær | Eiríkur Sigurbergsson | Leifsg. 28 |
| " " | 32 | " | Þorkell H. Jónsson | Hringbr. 34 |
| " " | 30 | " | Þórarinn Jóhannson | c/o Ríkisskip |
| " " | 52 | " | Gissur Sigurðsson | Hafnarstr. 18 |
| " " | 56 | " | Ólafur Sigurðsson | Þingh. 34 |

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 24. okt., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Halli L. Hallssyni að flytja skúra af lóðinni nr. 1 við Reykjavíkurveg á erfðafestulandinu Laugamýrarblett 35.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Þvottalaugabletti 38 fyrir kr. 2500,00. - Hafnað.

3. Samþ. að fela borgarstjóra að ganga frá lóðarskiptum milli bæjarins og eiganda lóðarinnar nr. 7 við Ægisgötu.

4. Samþ. að gefa Þorláki Helgasyni kost á lóðinni nr. 77 við Sólvallagötu, en synjað umsókn Steindórs Einarsonar um sömu lóð, þar sem henni hefir þegar verið ráðstafað.

5. Samþ. að leyfa Hendrik Rasmus að byggja bráðabirgða veitingaskála á erfðafestulandi Páls Magnússonar við Eskihlíð, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings, enda verði byggingin tekin burtu, bænum að kostnaðarlausu, þegar bæjaráð kefst.

6. Lögð fram beiðni Jóns Ingimarssonar um að honum verði veitt leyfi til að fá vatn í bústað sinn, austan við húsið Hreiður við Elliðaár. - Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

7. Samþ. að heimila borgarstjóra að verða við umsókn Páls B. Melsteds og Gunnl. B. Melsteds, dags. 16. þ.m., um að ætla þeim byggingarlóð við Rauðarárstíg, norðan Hverfisgötu eftir nánari útvísun síðar.

8. Lagt fram tilboð frá Kristni Friðrikssyni um akstur á skólabörnum í Laugarneshverfi. - Frestað til athugunar.

9. Samþ. að heimila borgarstjóra að verða við umsókn Jóns Guðjónssonar Borg. 50 um lóð við Rauðarárstíg norðan Hverfisgötu eftir nánari útvísun síðar.

10. Samþ. að gefa Ágústi Jónssyni, Skól. 22, kost á lóðinni nr. 17 við Kirkjuteigsveg, með þeim skilyrðum, er um getur í umsókn hans.

11. Samþ. að gefa Júlíusi Svanberg kost á lóðinni nr. 13 við Kirkjuteigsveg með þeim skilyrðum, er um getur í umsókn hans.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Lögð fram beiðni Eiríks Einarssonar, Réttarholti,um eftirgjöf á erfðafestugjöldum.

13. Samþ. að leyfa Sigurði Arnalds að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Jaðarbletti, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

14. Lögð fram að nýju umsókn Jóhannes M. Kristjánssonar um byggingarlóð austan við Héðinshöfða, ásamt umsögn skipulagsnefndar. Bæjarráðið vill ekki að svo stöddu taka afstöðu til umsagnar Skipulagsnefndar, og er svæðið því ekki hæft til úthlutunar nú. Umsókn Jóhanns var því synjað.

15. Lögð fram umsögn Skipulagsnefndar um erindi Félags íslenskra iðnrekenda um byggingu sýningarskála innan Hringbrautar. - Borgarstjóra falið að svara skipulagsnefndinni.

16. Lögð fram beiðni M. Júl. Magnús læknis um að rafmagnsleiðsla verði lögð að íbúðarhúsi hans á Kópavogsholti, ásamt umsögn rafmagnsstjóra. Þar sem rafmagnsstjóri leggur á móti því, að þetta verði gert, sér bæjarráðið sér ekki fært að verða við erindinu.

17. Lagt fram álit skipulagsnefndar og sérfræðinga um byggingu olíustöðvar í Örfirisey. Eftir að hafa kynnt sér álit þessara aðila telur bæjarráðið ekki við það að athuga, að olíustöð verði reist þarna.

18. Samþ. að leyfa námsflokkum Reykjavíkur afnot 2 - 3 skólastofa í Miðbæjarskólanum til kennslu á kvöldin.

19. Synjað erindi Starfsmannafélags Reykjavíkurbæjar um breytingu á launakjörum Karls Jónssonar járnsmiðs.

20. Lögð fram umsókn Gunnars Jónssons, Rán. 32, um meðmæli með veitingaleyfi. - Vísað til bæjarstjórnar.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Helgi H. Eiríksson
Jón Axel Pétursson Guðm. Ásbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 31. okt., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Þetta gerðist:

1. Boðinu forkaupsréttar að erfðafestulandinu Bugamýrarbletti 59 fyrir kr. [illegible], hafnað.

2. Synjað að svo stöddu umsókn [illegible] um erfðafestulandið Sogamýrarblett 21.

3. Samþ. að gefa Ísafoldarprentsmiðju leyfi [illegible] við [illegible], eftir nánari ákvæðum bæjarverkfræðings, til þess að flytja á [illegible] til bráðabirgða [illegible] Þingholtsstræti 5. Jafnframt afsalar prentsmiðjan sér lóð nr. 42 við Hringbraut.

4. Lögð fram umsókn Jóns Eiríkssonar, Hring. 68, um lóð við Flókagötu norðanverða, austan Rauðarárstígs. - Svæði þetta er ekki byggingarhæft að svo stöddu, og er því ekki unnt að verða við umsókninni nú.

5. Lögð fram umsókn Tómasar Ólafssonar, Grett. [illegible], um lóðina nr. 79 við Hringbraut. Umsókninni synjað að svo stöddu, þar sem lóðin er ekki byggingarhæf nú.

6. Synjað umsókn Jóhannes Kristjánssonar um byggingarlóð austan við Höfða-[illegible].

7. Borgarstjóra heimilað að leigja Þorvarði Björnssyni, Nýl. 19 c, landræmu við Blesugróf allt að 3000 ferm$^2$., eftir nánari ákvæðum.

8. Synjað beiðni Sverris Möller, Laug. 66 um leyfi til að reisa veitingaskála í landi bæjarins við Elliðaár.

9. Lagt fram bréf Ólafs Halldórssonar [illegible], um viðbót við lóð hans, Pálshús. - Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

10. Lagt fram bréf Jóns Björnssonar [illegible] af væntanlegri breytingu á lóð hans nr. 9 við [illegible] Falið borgarstjóra og bæjarverkfræðingi til afgreiðslu.

11. Lagt fram bréf lögreglustjóra þar sem hann leggur til, að einstefnuakstur verði tekinn upp á Bjargarstíg milli Óðinsgötu og Bergstaðastrætis. Skv. tillögu bæjarverkfræðings vill bæjarráðið ekki fallast á þetta.

12. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar frá 22. okt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 31. okt., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Sogamýrarbletti 59 fyrir kr. 4500,00. Hafnað.

2. Synjað að svo stöddu umsókn Odds Jónssonar um erfðafestulandið Sogamýrarbletti 21.

3. Samþ. að gefa Ísafoldarprentsmiðju h/f kost á lóð við Reykjaveg, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings, til þess að flytja á hana til bráðabirgða íbúðarhúsið Þingholtsstræti 5. Jafnframt afsalar prentsmiðjan sér lóðinni nr. 12 við Hrísateig.

4. Lögð fram umsókn Jóns Eiríkssonar, Hring. 68, um lóð við Flókagötu norðanverða, austan Rauðarárstígs. - Svæði þetta er ekki byggingarhæft að svo stöddu, og er því ekki unnt að verða við umsókninni nú.

5. Lögð fram umsókn Tómasar Ólafsonar, Grett. 16, um lóðina nr. 79 við Hringbraut. Umsókninni synjað að svo stöddu, þar sem lóðin er ekki byggingarhæf nú.

6. Synjað umsókn Jóhanns Kristjánssonar um byggingarlóð austan við Héðinshöfða.

7. Borgarstjóra heimilað að leigja Þorvarði Björnssyni, Nýl. 19 c, landsvæði við Blesugróf allt að 3000 $ferm.^2$ , eftir nánari útvísun.

8. Synjað beiðni Sverris Möller, Laug. 65 um leyfi til að reisa veitingarhús á landi bæjarins við Elliðaár.

9. Lagt fram bréf Gísla Halldórssonar verkfr., um viðbót við lóð hans, Pálshús. - Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

10. Lagt fram bréf Jóns Björnssonar kaupm. um samninga út. af væntanlegri breytingu á lóð hans nr 9 við Vesturgötu. - Falið borgarstjóra og bæjarverkfræðingi til afgreiðslu.

11. Lagt fram bréf lögreglustjóra þar sem hann leggur til, að einstefnuakstur verði lagður niður á Bjargarstíg milli Óðinsgötu og Bergstaðastrætis. Skv. tillögu bæjarverkfræðings vill bæjarráðið ekki fallast á þetta.

12. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar frá 22. okt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Lögð fram beiðni Svifflugfélags Íslands um lóð undir hús fyrir starfsemi félagsins. - Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

14. Lagt fram bréf frá Halldóri Stefánssyni, Hamri, um gangstéttir meðfram innsta hluta Laugavegar. - Upplýst var, að nú er verið að vinna að lausn þessa máls.

15. Lagt fram bréf utanríkismálaráðuneytisins, dags. 28 okt., ásamt fylgiskjölum, varðandi lóð undir samkomuhús ameríkanska setuliðsins o.fl. - Borgarstjóra falið málið til meðferðar.

16. Samþ. að heimila borgarstjóra að taka tilboði Guðmundar Jónssonar, Mánagötu 8, um akstur á skólabörnum í Laugarneskólahverfi.

17. Lagt fram bréf sóknarnefndar Nesprestakallls um stað fyrir væntanlega kirkju í sókninni.

18. Samþ. að heimila borgarstjóra að greiða úr bæjarsjóði allt að helmingi kostnaðar við breytingu á skólahúsnæði því, sem nú er notað til guðsþjónustuhalds í Nes-sókn.

19. Erindi Odds Ólafsson, um rafmagn og vatnsleiðslu í býli hans, Snæland, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

20. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um sölu rafmagns til hraðfrystihúss við Mýrargötu og Seljaveg. - Málið falið rafmagnsstjóra til afgreiðslu á þeim grundvelli, sem lagt er til í bréfi hans.

21. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra að láta leggja heimtaug að íbúðarhúsi M. Júl. Mangús læknis í Kópavogi, með þeim skilyrðum, sem greint er frá í bréfi læknisins.

22. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um greiðslu til tveggja vélgæslumanna fyrir aukavinnu vegna viðgerða á vél í Elliðaárstöðinni. - Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

23. Umsóknum frá starfsfólki í barnaskólunum, um launahækkun, vísað til borgarstjóra til afgreiðslu.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benedikjtsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möller Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 7. nóv., kl. 5 síðdegis hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Fellt með 2:2 atkv. að verða við beiðni Tómasar Húbertssonar um að skipta erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XVI. í tvo jafna hluta.

2. Erindi Hraðfrystistöðvarinnar í Reykjavík h/f, um að lögð veði ný vatnslögn að hraðfrystihúsi félagsins, vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu.

3. Samþ. að gefa Halldóri Ólafssyni kost á lóðinni á horni Rauðarárstígs og Njálsgötu (Rauð. 20 og Njál. 112).

4. Samþ. að gefa Oddi Helgasyni kost á lóð neðan við Rauðará, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

5. Lagt fram bréf Félags íslenskra myndlistarmanna um lóð undir sýningarskála. - Ákveðið að leita umsagnar bæjarverkfræðings og skipulagsnefndar.

6. Samþ. að gera leigusamning um lóðina nr. 17 við Miðtún við Ellert Þórðarson og Jón Þ. Einarsson.

7. Samþ. að heimila borgarstjóra að selja lóðarræmu út að Ægisgötu fyrir neðan lóðina nr. 28 við Vesturgötu, með nánari skilyrðum, er hann setur kaupandanum.

8. Samþ. að gera leigusamning við H.A. Tulinius og Co. um iðnaðarlóð þá, er Skóiðjunni s/f var áður gefinn kostur á, við framhald Skúlagötu.

9. Lagt fram bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins þar sem óskað er umsagnar um erindi bresku herstjórnarinnar út af umferðatálmunum á allstóru svæði vegna flugvallarins. - Bæjarráð mæli eindregið á móti þessum umferðatálmunum.

10. Borgarstjóra falið að semja við Óskar Clausen um greiðslu á skuld hans við bæjarsjóð.

11. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Gísla Halldórssyni lóðarræmur við Hringbraut og enda af lóðinni Lágholtsvegi 2, til viðbótar eignarlóð hans (Pálshús), eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

12. Borgarstjóra falið að taka þátt í samningum af bæjarins hálfu um stofnun almennrar slysastofu í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Lagt fram bréf rafmagnsstjóra um bifreiðanotkun rafmagnsveitunnar. Falið borgarstjóra til meðferðar.

14. Að tillögu rafmagnsstjóra samþykkir bæjarráðið að skipa Pálmar Sigurðsson flokksstjóra hjá rafmagnsveitunni.

15. Lögð fram tillaga Soffíu Ingvadóttur frá bæjarstjórnarfundi í gær. Samþ. að fela framfærslufulltrúunum að ráða 1 - 2 stúlkur í þjónustu bæjarins til aðstoðar á heimilum.

16. Samþ. að ráða Elínu Bjarnadóttur, Bar. 59 til aðstoðar á skrifstofu bæjarverkfræðings.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Jakob Möller Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 14. nóv., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í skrifstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu, Bústaðabletti IX fyrir kr. 17.400,00 Hafnað.

2. Bæjarráð fellst fyrir sitt leyti á framlagðan uppdrátt að húsi því, er Guðmann Hannesson og Guðmundur Jónsson ætla að byggja á leigulóð þeirra við Þverholt.

3. Samþ. að heimila borgarstjóra að leigja Bernhard Petersen lóð vestan fyrirhugaðrar Hringbrautar, en sunnan bátauppsáturs, suðvestan Sólvallagötu, eftir útvísun bæjarverkfræðings.

4. Lögð fram beiðni Sigurðar Sveinbjörnssonar um leigulóð á horni framhalds Skúlagötu og Mjölnisvegar. - Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

5. Borgarstjóra heimilað að semja um þáttöku bæjarins í kostnaði við að leggja gangvegi með Laugavegi og Suðurlandsbraut.

6. Lagt fram bréf Þóris Baldvinssonar um byggingu á húsi Eiríks Hjartarsonar, Grettisgötu 3. - Borgarstjóra falið málið til afgeiðslu.

7. Lagt fram bréf félagsmálaráðuneytisins um ræktunarmál. - Falið bæjarverkfræðingi og garðyrkjuráðunaut bæjarins til athugunar.

8. Lögð fram skýrsla um starfsemi Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar í okt.

9. Lögð fram skýrsla um handavinnuámskeið Heimilisiðnaðarfélags Íslands.

10. Synjað beiðni Alberts Guðmundssonar um hækkun á launum.

11. Samþ. að greiða þeim Bjarna Guðjónssyni og Marís Kr. Arasyni aldursuppbót á laun þeirra frá þeim tíma er þeir hófu starf óslitið hjá rafmagnsveitunni.

12. Beiðni frá Þorkeli Helgasyni, Litlu-Grund, um veðleyfi vísað til borgarstjóra til afgeiðslu.

13. Lagðar fram beiðnir um meðmæli til að fá veitingaleyfi frá Gunnari Jónssyni, Rán. 32, og Oddnýju H. Bjarnadóttur, Týsg. 3. - Vísað til bæjarstjórnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lagt fram tilboð frá Hans Andersen klæðskera um einkennisfatasaum handa lögreglunni. - Borgarstjóra heimilað að semja við H. Andersen á grundvelli tilboðsins.

15. Lögð fram beiðni frá Stéttarfélagi barnakennara í Reykjavík um styrk til útgáfu Foreldrablaðsins.

16. Útsvarsmál: Freymóður Þorsteinsson, Hring. 153, Friðjón Bjarnason, Hávallag. 13.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 21. nóv., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Samþ. að leyfa Helgu Grímsdóttur, Dal við Múlaveg, að byggja viðbyggingu úr timbri á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti IX.

2. Lögð fram umsókn Erlings Þorkelssonar, Tjarn. 43, um hornlóð sunnan við Sóttvarnahúsið. Umsókninni synjað, en erindinu vísað til bæjarverkfræðings til afgreiðslu að öðru leyti.

3. Synjað beiðni Jörgens Þorbergssonar um leyfi til að reisa bráðabirgðaskúr á erfðafestulandinu Sogabletti XI.

4. Samþ. að verða við beiðni Sigurðar Sveinbjörnssonar, Laug. 68, og Korkiðjunnar h/f, um skiptingu milli þeirra á lóð, er Korkiðjan h/f hefir fengið við framhald Skúlagötu og Mjölnisveg.

5. Lagðar fram og samþykktar tillögur bæjarverkfræðings um hagnýtingu á lóðum Harðfisksölunnar og kexverksmiðjunnar Esju h/f.

6. Ákveðið að lóð h/f Stálhúsgögn við framhald Skúlagötu skuli leigð til 40 ára og leigan metin af lóðarmatsnefnd á 5 ára fresti.

7. Lagður fram og samþykktur uppdráttur að húsi fyrir bráðabirgðakennslustofur í Laugarneshverfi. Jafnframt var bæjarverkfræðingi falið að hefja nú þegar aðgerðir til byggingar skólahúss í hverfinu og halda áfram undirbúningi að byggingu skólahúss í Skildinganesskólahverfi.

8. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að karlakór iðnaðarmanna verði leyft að hafa söngæfingar, eitt kvöld í viku, í söngstofu miðbæjarbarnaskólans.

9. Lögð fram beiðni stjórnar Leikfélags Reykjavíkur um verðlagsuppbót á styrk félagsins.

10. Lögð fram skýrsla hagfræðings bæjarins um veitingahús í bænum.

11. Útsvarsmál: Guðmundur Kristjánsson, Fram. 8, Sigurlaug Einarsdóttir, Hafnarfirði, Soffía Ásgeirsdóttir, Herluf Georgsson, Berg. 8, Ólafur Ögmundsson, Torfi Jóhnnsson, Blóm. 10, Sigurður Ingimundarson, Herluf Clausen, Guðjón Mýrdal, Grett. 28, Björn K. Sigurbjörnsson, Laug. 49, Björn Skúlason, Carl D.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tulinius og Co. h/f. Guðfinna Gísladóttir, Helgadal, A. Helbæk, Flókag. 18, Nærfatagerðin, Sigurður Brynjólfsson, Suðárkróki, Stefán Gíslason, Landakoti, Runólfur Sigurðsson db. , Níels B. Jónsson, Vífilsstöðum, Sigurður Einarsson Dócent, Kristján Jónasson db., Guðm. Halldórsson, Lind. 43, Djúpavík h/f, Lovísa Elífasdóttir, Garð. 33, Ólafur Bjarnason, Spít. 1, Jens Pálsson, Hofsv. 21, Björgvin Björnsson db., Carl Sæmundsson og Co, Þorvaldur Daníelsson, Tjarn. 39, Þórarinn Vigfússon, Kristján Gíslason, Tjarn. 10 b, Gústaf A. Pálsson, Hað. 30, Sigurður Ólafsson, Grett. 36 b, Katrín Símonardóttir, Laug. 18, Einar Friðrikssen, Nýl. 27, Helgi Júlíusson, Eir. 2, Jón Hermansson, Þór. 28 a, Sigríður Guðjónsdóttir, Þór. 21, Sigurður R. Guðjónsson, Hörð. 14, Markús Markússon, Víðimel 32,Ragnheiður Jónasdóttir, Hring. 180, Brandur Jónsson, Málleysingjaskólanum, Stefán Sigmundsson, Bjark. 10, Geirlaug Einarsdóttir, Rósa Einarsdóttir, Árelíus Sveinsson, Gunnar Sigursson, Eir. 11, Kristjana Kristjánsdóttir , Hrefn. 1, Friðþjófur Valdimarsin, Fram. 46, Þormóður Jónsson, Óð. 26, Vigfús Guðmundsson, Vest. 16, Jón Lárusson, Ásv. 57.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Jón Axel Pétursson Jakob Möller

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 28. nóv., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Synjað beiðni Svavars Kristjánssonar Grund. 2, um leigulóð við Kaplaskólsveg.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Fossvogsbletti 50 fyrir kr. 10.000,00. Hafnað.

3. Samþ. að leyfa Ottó Guðbrandssyni Laugarásbletti 14, að byggja viðbyggingu úr timbri við íbúðarhús á erfðafestulandinu Laugarásbletti 14.

4. Samþ. að leigja Magnúsi Jónssyni, Baugsvegi 13, lóðina nr. 20 við Skarphéðinsgötu, sem þeir Ólafur Elíasson og Ársæll Kjartansson hafa afsalað sér.

5. Leigutími á iðnaðarlóð Gísla Halldórssonar verkfr., til viðbótar Pálshúsalóðinni, ákveðinn 40 ár og samþ. að leigan skuli metin af lóðamatsnefnd á 5 ára fresti.

6. Lagt fram bréf erfðafestuhafa Árbæjarbletta nr. 9 - 13 um framkvæmdir á löndum þeirra. - Vísað til meðferðar bæjarverkfræðings.

7. Synjað beiðni Jóns Bjarnasonar um að dýpkaðar verði skólpleiðslur á Laugavegi neðanverðum.

8. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar frá 18. nóv.

9. Lagt fram bréf frá Skipulagsnefnd þar sem hún afþakkar boð um þáttöku í dómnefnd þeirri, er dæma á um samkeppnisuppdrætti að þriggja hæða íbúðarhúsum.

10. Borgarstjóra var falið að breyta skilmálum um samkeppnisuppdrætti að þriggja hæða íbúðarhúsum fyrir bæinn.

11. Lögð fram umsögn rafmagnstjóra um erindi Ásgeirs Þorsteinsssonar verkfr. þar sem hann óskar að fá rafmagnsheimtaug að sumarhúsi sínu í Breiðholtsmýri. - Bæjarráð samþykkir, að heimtaugin verði lögð, enda beri bærinn ekki neinn kostnað af því.

12. Lagt fram bréf utanríkismálaráðuneytisins, dags. 21. nóv., viðvíkjandi umferðatálmunum á flugvallarsvæðinu.

13. Lagt fram bréf lögreglustjóra þar sem hann tilkynnir, að hann hafi vikið Páli Guðjónssyni lögregluþjóni frá starfi.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Samþ. að greiða Jón B. Jónssyni, Aust. 5, laun eftir V. launaflokki og Bjartmari Einarssyni laun eftir VIII. launaflokki.

15. Lagt fram [bréf] skólastjóra Gagnfræðaskóla Reykvíkinga um rekstur skólans. Borgarstjóra falið að svara bréfinu.

16. Lagt fram bréf frá Lúðrasveitinni Svanur, þar sem þess er óskað, að lúðrasveitin fái framvegis sama styrk og áður úr bæjarsjóði.

17. Lagt fram bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 27. nóv., ásamt eftirriti af bréfi landlæknis frá 24. nóv., varðandi byggingar fæðingarstofunnar.

18. Eftir atvikum getur bæjarráð fallist á að verða við erindi héraðslæknisins í Reykjavík, dags. 22. nóv.

19. Útsvarsmál: Finnur Thorlacius, Vonarstræti 12.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Valtýr Stefánsson Guðm. Ásbjörnsson
Jón Axel Pétursson Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, þriðjudaginn 2. des., kl. 2 e.h., hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram tvö símskeyti varðandi hitaveitumálið, annað frá sendinefndinni, dags. 1. des, og hitt frá sendiherra Íslands í Washington, dags. 2. des., og ennfremur skeyti frá sendiherranum, dags. 2. des., varðandi Sogsvirkjunina.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Gunnar Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 5. des., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Lögð fram beiðni Jóhanns G. Guðmundssonar, Bakk. 8, um leyfi til að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Austurholtsbletti. - Ákveðið að leita umsagnar skipulagsnefndar.

2. Synjað beiðni Emils Rokstad, Bjarmalandi, um yfirlýsingu varðandi óleyfilegar byggingar á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti IX.

3. Lagt fram bréf Richards Thors þar sem hann óskar þess, að sér verði gefinn kostur á að kaupa lóðarspildu við Njarðargötu, í framhaldi af lóð Einars Pétursson. - Borgarstjóra falið málið til fekari athuguna.

4. Skilmálar um iðnaðarlóð h/f Korkiðjunnar við Skúlagötu og iðnaðarlóð Sigurðar Sveinbjörnssonar við Mjölnisveg ákveðnir þannig, að leigtíminn skuli vera 40 ár og leigan metin af lóðarmatnsnefnd á 5 ára fresti.

5. Lögð fram matsgjörð lóðamatsnefndar á leigu eftir lóð h/f Stálhúsgögn við framhald Skúlagötu.

6. Synjað beiðni Einars Kristjánsson, Freyj. 37, um leyfi til að byggja bráðabirgða sölubúð í hverfinu við Höfða.

7. Lögð fram beiðni frá sextán prenturum um leigulóðir undir íbúðarhús á Melunum. Falið bæjarverkfræðingi til athugunar.

8. Synjað beiðni Raftækjasölunnar h/f um flutning á húsinu nr. 3 a við Tjarnargötu á kostnað bæjarins.

9. Synjað beiðni Stefáns Einarssonar, Samtúni 2, um leigulóð undir vinnustofu bak við Bjarnaborg.

10. Samþ. að gefa Guðmundi Gunnlaugssyni. Leif. 16, kost á lóðinni nr. 86 við Grettisgötu, enda verði hann byrjaður á byggingu fyrir 1. mars. n.k.

11. Lögð fram beiðni frá Sigurði Á. Þorlákssyni o.fl., Blesugróf, um að vatn verði leitt í bústaði þeirra. - Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

12. Lögð fram skýrsla um starfrækslu Ráðningarstofunnar í nóv.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jón Axel Pétursson
Helgi H. Eiríksson Gunnar Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941,mánudaginn 8. des., kl. 10 f.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

Á fundinum var rætt frumvarp að fjárhagsáætlun fyrir bæjarsjóð, Vatns- og Hitaveitu, Sundhöll, Gasstöð, Rafmagnssveitu og Sogsvirkjun árið 1942.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Jón Axel Pétursson Valtýr Stefánsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 12. des., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti, að gerðar verði nokkrar endurbætur á sýningarskálanum við Túngötu. - Jón Axel Pétursson óskaði bókað, að hann væri á móti þessari leyfisveitingu.

2. Borgarstjóra var heimilað að leigja Richard Thors til 20 ára lóðarspildu við Njarðargötu, í framhaldi af lóð Einars Péturssonar, með venjulegum leigulóðaskilmálum.

3. Lagt fram bréf félagsmálaráðuneytisins, dags. 10. des, um húsnæði handa fólki, sem borið er út úr íbúðum.

4. Lögð fram áskorun frá íbúum á Grímstaðaholti, dags. 7. des,. um gangstéttagerð, lendingarbætur og fleiri verklegar framkvæmdir í bæjarhverfinu. Bæjarverkfræðingi falið að framkvæma gangstéttargerð frá Hringbraut að Reykjavíkurvegi, erindinu um lendingarbætur vísað til hafnarstjórnar og borgarstjóra og bæjarverkfræðingi falið málið til athugunar að öðru leyti.

5. Lagt fram bréf frá Húsmæðrafélagi Reykjavíkur um matreiðslunámskeið. Borgarstjóra falið málið til afgreiðslu.

6. Lagt fram bréf frá Landsbankanum dags. 10. des., þar sem heitið er bráðabirgðaláni til efniskaupa til hitaveitunnar.

7. Lögð fram bréf Helga Sigurðssonar verkfræðings, dags. 12. des.

8. Borgarstjóra falið að semja um flutning skólabarna í Laugarnesskólahverfi.

9. Samkv. beiðni Starfsmannafélags Reykjavíkur samþykkti bæjarráðið að fela nefnd þeirri, er nú starfar að því að semja reglur um eftirvinnu að semja frumvarp að starfsreglugerð fyrir starfsmenn Reykjavíkurbæjar.

10. Lögð fram og samþ. skrá um úthlutun á bráðabirgðaíbúðum í Höfðaborg og rætt um áframhaldandi byggingar.

11. Bæjarverkfræðingi var falið að gera skrá um þau bifreiðastæði, sem notuð eru í bænum.

12. Bæjarráðið samþykkir fyrir sitt leyti að verða við erindi Bjarna Eggertssonar um að honum verði heimilað að hætta störfum sem lögregluþjónn.

13. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Kirkjumýrarbletti VIII fyrir kr. 85.000,00 - Hafnað.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Synjað beiðni Sigrúnar S. Bjarnar um leyfi til að byggja heyhlöðu á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti II.

15. Lögð fram beiðni Emils Rocstad um leyfi til að byggja íbúðarhús á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti VIII. Ákveðið að leita umsagnar skipulagsnefndar.

16. Samþ. að ákveða leigutíma á lóð Vegagerðar ríkisjóðs úr landi Njarðarstöðvarinnar 40 ár.

17. Lagt fram bréf frá Einari Kristjánssyni, og Gísla Gíslasyni um lóð undir skautaíþróttahús. Ákveðið að leita umsagnar skipulagsnefndar.

18. Lögð fram beiðni h/f Keilis um 1 - 1 1/2 ha. land í Vatnavirki.

19. Lögð fram umsókn Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis um lóð undir timburhús, er félagið hefir fengið tilhöggvað frá Ameríku sem sýnishorn. - Bæjarráð gefur fyrirheit um lóð undir húsið, en óskar að fá upplýsingar um lögun og stærð hússins og allan frágang.

20. Samþ. að gefa Jónínu Guðmundsdóttur Laug. 24 c, kost á lóð við Skúlagötu, innan Rauðarárstígs, eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

21. Samþ. að afsala lóðinni nr. 7 við Túngötu til Ásdísar Johnsen.

22. Lagt fram bréf lögreglustjóra, dags. 10. des, um lágmarkshraða bifreiða.

23. Lagt fram bréf lögreglustjóra, dags. 11. des., þar sem hann leggur til, að allt dúfnahald verði bannað í bænum.

24. Lögð fram fundargerð loftvarnanefndar frá 8. des.

25. Lögð fram skýrsla sóknarprestsins á Mosfelli um það fólk, er dvelst í Mosfellssveit vegna húsnæðisvandræða í Reykjavík.

26. Lagt fram bréf frá Stefáni Þorsteinssyni garðyrkjumanni, þar sem hann býðst til að takast á hendur starf í þjónustu bæjarins.

27. Lögð fram beiðni hraðfrististöðvarinnar h/f um leyfi til ístöku á lóninu fyrir ofan Árbæjarstífluna. Bæjarráðið sér sér ekki fært að verða við erindinu.

28. Lagðar fram styrkbeiðnir í sambandi við fjárhagsáætlun frá Bálfararfélagi Íslands, Námsflokkum Reykjavíkur, Lúðrasveit Reykjavíkur, Kvennaskólanum, Knattspyrnufélagi Val, Verzlunarkskólanum.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Jakob Möller
Jón Axel Pétursson Helgi H. Eiríksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, laugardaginn 13. des., kl. 1 $^{40}$ e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

Á fundinum var rætt um hitaveitumálið og var ákveðið að leggja til að svofelld tillaga yrði samþykkt á fundi bæjarstjórnar í dag:

Bæjarstjórnin samþykkir að heimila erindrekum bæjarins, er sendir voru vestur um haf til samninga um hitaveituvörur, að semja endanlega um kaup á þessum vörum á grundvelli skeytis frá sendiherra Íslands í U.S.A., mótteknu í dag.

Jón Axel Pétursson óskaði bókað að hann greiddi tillögunni atkvæði með fyrirvara.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Jakob Möller Helgi H. Eiríksson
Valtýr Stefánsson Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# BÆJARRÁÐ.

Ár 1941, föstudaginn 19. des., kl. 5 e.h. hélt bæjarráðið fund í fundarstofu sinni, Austurstræti 16.

**Þetta gerðist:**

1. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulöndunum Laugarnesbletti, fyrir kr. 25.000,00 og Haga, fyrir kr. 75.000,00-
   Þar sem bæjarráðið telur, að söluverð þessara landa sé hátt úr hófi fram og bærinn þarf á þessum löndum að halda innan skamms var samþykkt að taka þau bæði úr erfðafestu.

2. Boðinn forkaupsréttur að erfðafestulandinu Laugamýrarbletti IX fyrir kr. 6.000.00 - Hafnað.

3. Leigutími lóðarinnar Einholt 2 ákveðinn 40 ár og skal leigan metin af lóðamatsnefnd á 5 ára fresti.

4. Lögð fram matsgerð lóðamatsnefndar á ársleigu eftir lóðir Sigurðar Sveinbjörnssonar og h/f Korkiðjunnar á horni Mjölnisvegar og Skúlagötu.

5. Lagt fram bréf frá Félagi íslenskra iðnrekenda þar sem þess er óskað, að félaginu verði leyft að byggja sýningarskála í krikanum sunnan Hringbrautar en vestan Njarðargötu, eða í austurenda Hljómskálagarðsins. - Bæjarráðið getur á hvorugan þessara staða fallist, en samþykkir að gefa félaginu kost á lóð undir þessa byggingu á horni Eiríksgötu og Hringbrautar eftir nánari útvísun bæjarverkfræðings.

6. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra þar sem hann leggur til, að vagnstjórum hestvagna verði gert að skyldu að tendra ljósker á þeim tíma, sem ákveðiðn er til tendrunar á ljósum bifreiða. - Vísað til meðferðar borgarstjóra.

7. Lögð fram tillaga Björns Bjarnasonar og Ársæls Sigurðarssonar frá bæjarstjórnarfundi í gær. - Falið borgarstjóra til afgreiðslu.

8. Lögð fram erindi í sambandi við fjárhagsáætlun frá Iðnskólanum, skólastjóra Laugarneskólans og lestrarfélagi kvenna.

9. Lögð [fram] tillaga að verðskrá fyrir Sundhöllina frá forstjóra Sundhallarinnar. - Bæjarráðið samþykkir verðskrána fyrir sitt leyti.

10. Lagt fram bréf frá starfsmannafélagi Reykjavíkur um greiðslu verðlagsuppbótar á laun starfsmanna. - Falið borgarstjóra til meðferðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Lagt fram bréf frá bresku setuliðsstjórninni um afnot af heitu vatni í Mosfellssveit. - Falið bæjarverkfræðingi til afgreiðslu.

12. Lagt fram bréf Ólafs Hólm Einarsonar, starfsmanns í Gasstöðinni um laun hans. - Falið gasstöðvarstjóra til athugunar.

13. Lagt fram bréf bandarísku herstjórnarinnar um byggingu samkomuhúss.

14. Synjað erindi Vinnufatagerðar Íslands h/f um rafmagn til upphitunar í verksmiðjuhúsi félagsins við Hvergötu.

15. Samþ. að skipa Pétur Aðalsteinsson vélstjóra við Rafmagnsveituna, og taki hann laun eftir VI. launaflokki með aldursuppbót frá 1. maí 1940.

16. Samþ. að veita Jónasi Guðlaugsyni, línumanni hjá Rafmagnsveitunni, aldursuppbót í samræmi við aðra hliðstæða starfsmenn.

17. Lagt fram erindi Eyjólfs Vilhelmssonar um launakjör hans, ásamt umsögn rafmagnsstjóra.

18. Samþ. að heimila rafmagnsstjóra, að gera samning við stjórn bandaríska setuliðsins um sölu á rafmagni, skv. frv. að samningi, er lagt var fram á fundinum.

19. Samþ. að veita Margréti Thoroddsen skrifstofustúlku, 2000 kr. utanfararstyrk.

20. Samþ. að greiða Skúla Tómassyni laun eftir V. launaflokki frá 1. jan. 1942.

21. Samþ. að greiða Sigrúnu Jónsdóttur skrifstofustúlku laun eftir XII. launaflokki frá 1. jan. 1942.

22. Lagt fram símskeyti frá sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, dags. 18. þ.m. um útvegun lánsfjár til hitaveitunnar.

23. Lagt fram bréf frá K. Langvad verkfr. dags. 25. nóv. s.l., um hitaveitumálið. - Borgarstjóra falið að svara bréfinu í samræmi við þann skilning, er bæjarráðið hefir áður haldið fram.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.

Bjarni Benediktsson
Guðm. Ásbjörnsson Helgi H. Eiríksson
Jón Axel Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur